




LÝÐRÆÐISVITINN

Sara Þöll Finnbogadóttir
Eva Laufey Eggertsdóttir
Eva H. Önnudóttir

Lýðræðisvitinn

Sara Þöll Finnbogadóttir

Eva Laufey Eggertsdóttir

Eva H. Önnudóttir

Lýðræðisvitinn hlaut styrk úr sjóði Háskóla Íslands um samfélagslega mikilvæg verkefni og unnu höfundar verkið í samstarfi við Samband íslenskra framhaldsskólanema og Félag félagsfræðikennara í framhaldsskólum. Lýðræðisvitinn er birtur í opnum aðgangi inn á heimasíðum neminn.is, egkys.is og luf.is

prufuútgáfa

2021

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hvað er lýðræði?	1
Fulltrúalýðræði	2
Beint lýðræði	3
Stjórnkerfið á Íslandi	4
Lýðræðisleg þátttaka	5
Gagnrýnin hugsun og áreiðanleiki upplýsinga	6
Að taka þátt, hafa áhrif og láta okkur málin varða	7
Aðgerðir	8
Að koma á umræðufundi með frambjóðendum/fulltrúum stjórnmalaflokka	9
Að skrifa umsagnir og fylgjast með í gegnum Samráðsgátt stjórnsvalda	10
Að skrifa umsögn um þingmál og senda nefndum Alþingis	11
Að koma efni á framfæri í fjölmiðlum	13
Fjarskipti og skipulag í gegnum netið	13
Að koma sinni skoðun á framfæri með samstöðu	14
Skuggakosningar	16
Leikir	17
Yfirlit	18
Að afla sér fylgis	19
Hverjir kjósa og hverjir ekki?	23
Að taka upplýsta ákvörðun	32
Hlutdræg miðlun	43
Hvert atkvæði skiptir máli	45
Látum allar raddir hljóma	52
Sköpum tengsl	58
Upplýsingamiðlun og frétt næmi	63
Þátttökuprepin	66

Inngangur

Í þessari handbók er fjallað um hverjir eru grunnþættir lýðræðis, af hverju er mikilvægt að standa vörð um grunnstoðir lýðræðis og hvað við getum gert sem almennir borgarar til að hafa áhrif.

Í fyrsta hluta hennar er rætt um hvað lýðræði er, hver munurinn á beinu og óbeinu lýðræði er, hvernig stjórnkerfið er uppsett á Íslandi, af hverju þátttaka í lýðræði er mikilvæg, hvaða máli gagnrýnin hugsun skiptir og af hverju fólk ætti að láta sig málin varða.

Í öðrum hluta bókarinnar er farið yfir nokkrar aðgerðir sem hægt er að grípa til, t.d. hvernig er hægt að setja upp umræðufund, að skrifa umsagnir um lagafrumvörp, að koma efni á framfæri til fjölmiðla eða að skrifa í fjölmiðla, að skipuleggja samstarf í gegnum netið og að halda kosningar.

Í þriðja og síðasta hluta handbókarinnar er fjallað um nokkra leiki sem hægt er að fara í, bæði sér og öðrum til gagns og gamans, sem allir hafa það að markmikið að skapa umræðu um ólíkar hliðar og ólík hlutverk í lýðræðissamfélagi svo sem að láta allar raddir hljóma, að afla sér fylgis, að skapa tengsl og að taka þátt.



Hvað er lýðræði?

Eflaust hafa margir ákveðna sýn á lýðræði og sú sýn getur verið ólík milli landa, samfélagshópa og einstaklinga. Spurningin „hvað er lýðræði?“ er á sama tíma mjög einföld og afskaplega flókin. Lýðræði þýðir í grunninn að valdið kemur frá lýðnum og í sinni einföldustu mynd snýst lýðræði um að valdið liggi hjá fólkinu, en framkvæmdin á því getur verið flókin. Í umræðu um lýðræði er oft talað annars vegar um fulltrúalýðræði sem óbeint lýðræði og hins vegar um beint lýðræði. Grundvallar-munurinn á beinu lýðræði og fulltrúalýðræði er sá að í beinu lýðræði hafa öll þau sem í ríkinu búa aðkomu að ákvarðanatöku á meðan að í fulltrúalýðræðisríkjum kýs fólkið fulltrúa til að taka ákvarðanir fyrir sína hönd.

Fulltrúalýðræði

Í nútímasamfélögum ríkir fulltrúalýðræði þar sem fólkið framselur valdið til kjörinna fulltrúa og það með hvaða hætti það er gert og hvernig fulltrúalýðræði virkar í reynd er langt frá því að vera einfalt. Ekki hefur verið sett fram tæmandi skilgreining á því hvað lýðræði er, en þó eru nokkrir mikilvægir grunnþættir sem verða að vera til staðar til þess að ríki geti talist vera lýðræðisríki.

Þessir grunnþættir eru:

- ♦ **Kosningar eru frjálsar og kosningaréttur er almennur**
- ♦ **Kosningar eru haldnar með reglulegu millibili**
- ♦ **Öllum er frjálst að bjóða sig fram í kosningum**
- ♦ **Kjörnir fulltrúar stjórni í umboði kjósenda**
- ♦ **Ákveðin borgaraleg réttindi tryggð svo sem tjáningarfrelsi og frelsi til að stofna félög**
- ♦ **Opið aðgengi að upplýsingum og fjölmiðlafrelsi**
- ♦ **Mannréttindi einstaklinga séu varin samkvæmt stjórnarskrá**

Samkvæmt þessum grunnþáttum geta ríki flokkast sem hrein lýðræðisríki á meðan önnur hafa einkenni lýðræðisríkis en geta ekki talist til hreinna lýðræðisríkja og enn önnur eru alls ekki lýðræðisríki. Lýðræði er gjarnan stillt upp sem andstæðu við einræðisríki þar sem einræðisherra fer með völd og ekki eru haldnar kosningar. Til eru önnur stjórnarform svo sem herstjórnarríki, konungsríki og alræðisríki (þar sem t.d. eingöngu einn stjórnsmálaflokkur má bjóða sig fram) sem eru ólík innbyrðis en eiga það sameiginlegt að valdið liggur ekki hjá fólkinu líkt og í lýðræðisríkjum.

Lýðræði er ferli í stöðugri þróun sem alltaf er hægt að bæta. Lýðræði snýst ekki bara um leið til að velja stjórnendur heldur einnig um sameiginleg grunnviðmið hvað varðar mannréttindi og að öll séu jöfn fyrir lögum.

Lýðræði hefur marga kosti fram yfir önnur stjórnarform. Til dæmis dregur lýðræði úr hættunni að stjórnvöld kúgi þegna sína, það tryggir fólki borgaraleg réttindi (t.d. kosningarétt) og frelsi (t.d. tjáningarfrelsi) sem ekki er hægt að tryggja undir öðrum stjórnarformum, og þegnar hafa tök á að standa vörð um sín grundvallarréttindi (t.d. réttindi sem eru varin samkvæmt stjórnarskrá). Það góða við að búa í lýðræðisríki er ekki einungis rétturinn til að kjósa í kosningum heldur einnig að við getum gert ákveðnar kröfur til þess hvernig ríkisvaldið kemur fram við okkur og til þess að mannréttindi og borgaraleg réttindi allra séu virt.

Þankabrot

- | Veistu hver borgaralegu réttindi Íslendinga eru?
- | Veistu hvaða mannréttindi eru varin samkvæmt stjórnarskrá Íslands?
- | Er lýðræði sjálfsagður hlutur? Ef já, af hverju? Ef nei, af hverju?
- | Hvaða hópar eru í mestri hættu á að réttindi þeirra séu ekki nægilega vel varin?

Beint lýðræði

Upprunalegt lýðræði og „tærasta form lýðræðis“, ef svo má að orði komast, er beint lýðræði. Beint lýðræði mátti finna í Aþenu til forna og er fyrsta form lýðræðis sem vitað er um og er þess vegna oft kallað upprunalegt lýðræði eða forveri þess lýðræðis sem við þekkjum í dag. Í Aþenu til forna hittust íbúar á þar til gerðum fundum og ræddu og kusu um málefni líðandi stundar. Ekki höfðu öll þau sem bjuggu í Aþenu aðgang að þessum fundum; konum, þrælum og aðkomufólki var meinuð þátttaka og höfðu þessir hópar því hvorki aðkomu að umræðum um þau mál sem voru rædd né kosningarétt. Þetta myndi í dag ekki teljast lýðræðislegt.

Í nútímasamfélögum er beint lýðræði almennt talið of tímafrekt, kostnaðarsamt og flókið í framkvæmd til að virka í sinni hreinustu mynd. Íbúar lýðræðisríkja í dag eru of margir til að öll geti hist og tekið ákvarðanir í sameiningu. Eins er almennt talið að fólk hafi takmarkaðan tíma og ekki hafi allt áhuga á svo mikilli þátttöku í ákvarðanatöku. Þess í stað hefur verið farin sú leið að fólk kjósi fulltrúa til þess að taka ákvarðanir fyrir sína hönd og er það kallað fulltrúalýðræði líkt og ríkir á Íslandi.

Þó er talað um að beinu lýðræði sé stundum beitt sem hluta af fulltrúalýðræði, t.d. með íbúafundum, borgarafundum og þjóðaratkvæðagreiðslum sem þekkjast bæði hér á landi og erlendis. Á íbúa- og borgarafundum eru haldnir fundir með annað hvort tilteknum fjölda íbúa á tilteknu svæði (t.d. innan sveitarfélags) eða á borgarafundum þar sem allir íbúar eru velkomnir þar sem ákveðin mál eru rædd ítarlega og ákvörðun tekin um framhaldið. Misjafnt er hvort þátttakendur á slíkum fundum taki endanlegar ákvarðanir eða hvort að viðkomandi stjórnvald (t.d. sveitarfélag) taki að lokum ákvarðanir um þau mál sem rædd eru.

Eins teljast þjóðaratkvæðagreiðslur til beins lýðræðis þar sem öllum þeim sem hafa kosningarétt er gefin kostur á að kjósa um ákveðin mál. Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna geta bæði verið bindandi, sem þýðir að stjórnvöldum ber að fara eftir niðurstöðum atkvæðagreiðslunnar, eða ráðgefandi sem þýðir að stjórnvöldum ber ekki lagaleg skylda til að fara eftir niðurstöðunni. Síðasta þjóðaratkvæðagreiðsla sem haldin var á Íslandi var haustið 2012 þegar haldin var ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á íslensku stjórnarskránni.

Þankabrot

Hversu lýðræðisleg myndi Aþena til forna teljast samkvæmt þeim grunnþáttum sem ættu að einkenna lýðræðisríki?

Hvernig er lýðræði háttað á Íslandi í dag? Er öllum hópum samfélagsins tryggður aðgangur að þátttöku í lýðræðinu?

Hvað myndi gerast ef t.d. eingöngu karlmenn sem eru 40 ára og eldri mættu kjósa?

Hvernig er hægt að efla lýðræði á Íslandi?

Af hverju er lýðræði mikilvægt?

Hvaða lýðræðislegu gildi finnst þér mikilvægust?

Ef það er ekki lýðræði, hvað þá?

Er almenningur hæfur til að ákveða hvað er öllum fyrir bestu?

Stjórnkerfið á Íslandi

Á Íslandi ríkir þingræði, það þýðir í grundvalaratriðum að ríkisstjórn getur ekki starfað nema með stuðningi meirihluta Alþingis.

Í þinginu skulu mál rædd ítarlega og upplýsinga aflað um allar hliðar þeirra og síðan eru ákvarðanir teknar af þingmönnum sem hafa umboð frá kjósendum til ákvarðanatöku.

Í þingræðisríkjum fer ríkisstjórn með framkvæmdavaldið og forsætisráðherra leiðir ríkisstjórnina. Í lýðræðisríkjum þar sem ekki er þingræði er gjarnan forsetaræði, þar leiðir forseti ríkisstjórnina í staðinn fyrir forsætisráðherra eins og á Íslandi. Í forsetaræðisríkjum er forsetinn oftast mun valdameiri en t.d.

á Íslandi og fer fyrir framkvæmdavaldinu ásamt ráðherrum í ríkisstjórn. Í þeim ríkjum fer þingið að jafnaði með löggjafarvaldið og forsetinn með framkvæmdavaldið og því eru þessir tveir hlutar ríkisvaldsins, löggjafavaldið og framkvæmdavaldið, aðskildir.

Á Íslandi eru framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið ekki aðskilið með skýrum hætti. Það er m.a. vegna þess að samkvæmt stjórnarskrá Íslands þarf ríkisstjórnin, sem fer með framkvæmdavaldið, að njóta stuðnings meirihluta þings, sem fer með löggjafavaldið og hefur sú hefð skapast að þeir flokkar sem eiga aðild að ríkisstjórninni eru jafnframt með meirihluta á Alþingi. Þetta birtist m.a. í því að meirihluti lagafrumvarpa sem Alþingi samþykkir eru lögð fyrir Alþingi af ráðherrum ríkisstjórnarinnar sem eru hluti af framkvæmdavaldinu. Ráðherrar í ríkisstjórn eru jafnframt í langflestum tilfellum sitjandi þingmenn og eru þess vegna bæði hluti af framkvæmdavaldinu og löggjafarvaldinu.

Þrískipting ríkisvaldsins.

Ríkisvaldið skiptist í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald.

Löggjafarvaldið setur lög og breytir þeim.

Framkvæmdavaldið fylgir eftir lögum og framkvæmir þau.

Dómvaldið metur hvort að farið sé að lögum og hvort að framkvæmdavaldið hafi framkvæmt þau rétt.

Grunnhugmyndin með þrískiptingu ríkisvaldsins er að æskilegt sé að skipta helstu verkefnum ríkisvaldsins niður á aðskildar greinar og þar með koma í veg fyrir að einn aðili fær of mikið vald yfir samfélaginu.

Á Íslandi fer Alþingi með löggjafarvald, ríkisstjórnin með framkvæmdavald og dómskerfi landsins með dómvald. Ef þessi aðgreining væri ekki til staðar er hætt við að einn og sami hópur myndi setja lög, framkvæma þau og refska fólki fyrir að fylgja þeim ekki.

Þankabrot

Hvaða máli skiptir það hverjir eru kosnir á þing?

Af hverju er mikilvægt að löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald sé aðskilið?

Lýðræðisleg þátttaka

Í nútímalýðræðisríkjum er þátttaka almennra borgara einn af hornsteinum lýðræðisins. Það á við um allt í senn: Þátttöku í kosningum með því að kjósa eða að bjóða sig fram eða þátttöku eftir öðrum leiðum, svo sem í borgara-fundum eða í mótmælum (t.d. að skrifa undir undirskriftalista eða taka þátt í mótmælafun-dum). Virk þátttaka er mikilvæg m.a. vegna þess að í lýðræðisríkjum ættu öll að hafa sömu tækifæri til að koma málum sem taka þarf ákvarðanir um á framfæri og eins þegar ákvarðanir eru teknar ættu öll sem í landinu búa að hafa sömu tækifæri til að láta sína skoðun í ljós.

Í fulltrúalýðræðisríkjum er kosningaþátttaka mjög mikilvægur liður í þátttöku fólks í lýðræði. Það er vegna þess að í t.d. alþingis- eða sveitarstjórnarkosningum velur fólkið stjórnmalaflokka sem býður fram lista frambjóðenda til þess að fara með vald og taka ákvarðanir í umboði fólksins fram að næstu kosningum. Mikilvægt er að sem flestir taki þátt í kosningum, m.a. vegna þess að með sem víðtækastri þátttöku er það betur tryggt að kjörnir fulltrúar taki tillit til sem flestra þegar kemur að ákvarðanatöku.

Ef það eru einhverjir ákveðnir hópar sem taka síður þátt (t.d. fólk af erlendum uppruna eða ungt fólk) er hætt á að þessir hópar eigi sér ekki fulltrúa á þingi og að ekki sé tekið tillit til þeirra sjónarmiða eða hagsmuna þegar teknar eru ákvarðanir. Þetta er sér í lagi mikilvægt þegar teknar eru ákvarðanir sem varða þessa hópa sérstaklega.

Úrslit kosninga geta haft mikil áhrif á okkar daglega líf. Við notum kosningar til að velja stjórnmalaflokka sem bjóða fram lista frambjóðenda sem verða þingmenn að því gefnu að þeir fái nægilega mörg atkvæði til að ná kjöri. Þingmenn vinna svo að lagagerð, breytingum á lögum og ræða málefni líðandi stundar á Alþingi sem fulltrúar fólksins. Þingmenn taka til að mynda ákvarðanir um fjárveit-ingar til framhaldsskóla, heilbrigðiskerfisins og háskóla. Hluti þingmanna situr einnig í ríkisstjórn sem ráðherrar og þeir eru æðstu handhafar valds á málavíði síns ráðuneytis sem taka t.d. til umhverfismála, menntamála og heil-brigðismála. Allt stjórnkerfið á Íslandi byggist á því að á Alþingi og í ríkisstjórn starfi fólk sem hefur umboð til þess frá kjósendum.

Ráðuneyti frá 2017

Forsætisráðuneytið

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Dómsmálaráðuneytið

Félagsmálaráðuneytið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Heilbrigðisráðuneytið

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Utanríkisráðuneytið

Þankabrot

Skiptir það þig miklu eða engu máli að kjósa? Af hverju?

Er mikilvægt að allir ólíkir hópar samfélagsins kjósi (t.d. ungt fólk, eldri borgarar, fólk af erlendum uppruna, fólk sem býr á landsbyggðinni, hin- og kynsegin fólk)? Ef já, af hverju? Ef nei, af hverju?

Hvað gerist ef ungt fólk kys ekki?

Hvernig er best að ákveða hvað á að kjósa?

Gagnrýnin hugsun og áreiðanleiki upplýsinga

Í lýðræðisríkjum er mikilvægt að fólk hafi aðgang að upplýsingum til þess að geta myndað sér skoðanir um mál eða tekið ákvarðanir, t.d. um hvaða flokk það ætla að kjósa. Í þessu samhengi gegna fjölmiðlar gríðarlega mikilvægu hlutverki auk þess sem hægt er að nálgast ógrynni af upplýsingum á internetinu. Með því að slá inn leitarorð á netinu er hægt að nálgast hafsþó af efni og oft mun meira af efni heldur en er á færi einnar manneskju að fara yfir á skömmum tíma. Hér vandast hins vegar málið. Það eru ekki allar fréttaveitir og upplýsingasíður áreiðanlegar og sumar fréttir og upplýsingaveitir eru beinlínis til þess gerðar að slá ryki í augu fólks – blekkja það með vísitandi hætti.

Almenna reglan ætti að vera sú að lesa fréttir og annað efni með gagnrýnum huga. Það er hollt að spyrja spurninga um innihald fréttar sem maður les og velja ákveðnum atriðum fyrir sér. Jafnvel þegar maður les fréttir sem virðast við fyrstu sýn fjalla um staðreyndir getur verið mikilvægt að hugsa um með hvaða hætti fréttin er sett fram. Gefur t.d. orðanotkun mynd af skoðunum þess sem skrifar fréttina? Er sú skoðun hlutlaus og er rétt farið með staðreyndir? Sýnt hefur verið fram á að einstaklingar taka frekar mark á upplýsingum sem passa við þeirra eigin lífssýn heldur en þeim sem ganga gegn þeirra eigin skoðunum. Því er gott fyrir alla að vera meðvitaðir um og sýna umburðarlyndi gagnvart skoðunum sem eru á skjön við þeirra eigin.

Gagnlegar spurningar til að hafa í huga um fjölmiðlaefni og annað efni sem er birt, t.d. á netinu:

Bankabrot

Hvaðan færð þú helst fréttir?

Sérð þú gjarnan staðhæfingar eða skoðanir á samfélagsmiðlunum þínum sem þú ert algerlega ósammála?

Hversu mikilvægt finnst þér að skilja sjónarhorn þeirra sem eru ósammála þér?

Hvort finnst þér betra að hafa að leiðarljósi í kosningum: Það sem þú telur þína eigin hagsmuni eða þá hagsmuni sem þú telur að muni gagnast best samfélaginu í heild?

Þetta er tengt því að fólk leitast almennt við að umgangast annað fólk sem hefur svipaðar skoðanir og lífssýn og það sjálft. Því er hætt við að fólk geti fest inn í því sem hefur verið kallað „bergmálasklefi“ (e. echo chamber), þar sem þeirra eigin skoðanir bergmála aftur til þeirra og ekkert sem er nýtt fyrir þeim kemur fram. Samfélagsmiðlar eru forritaðir til að ýta undir þessa tilhneigingu fólks. Þeir eru margir hverjir settir upp með þeim hætti að þeir læra inn á áhugamál og skoðanir notenda, sýna þeim hluti sem talið er að þeir vilji sjá og séu líklegir til að skoða og halda notendum þannig lengur við skjáinn. Því getur t.d. Facebook verið hinn fullkomni bergmálasklefi. Margir hafa áhyggjur af því að þetta hafi slæm áhrif á lýðræði vegna þess að fólk sem er ósammála komi ekki lengur saman og ræði málin og hætta er á því að fólk verði algerlega blint á sjónarmið þeirra sem eru þeim ósammála. Til að sporna gegn þessu getur fólk t.d. lesið greinar í miðli sem það veit fyrir víst að er stýrt af fólki sem það er ósammála í mörgu. Hægt er að leggja sig fram um að hlusta á hlaðvarp sem búið er til af fólki sem hefur ólíkar skoðanir, fylgt fólki sem það er ósammála á miðlum eins og Twitter og Instagram, og lagt sig fram um að hlusta þegar annað fólk varpar fram skoðunum sem þeim sem finnst algerlega út í hött. Lýðræði þrífst á því að fólk með ólíkar skoðanir komi saman og komist að málamiðlun.

Hver skrifar?

Er viðkomandi sérfræðingur um efnið?

Hvers vegna er þetta efni skrifað?

Hver er markhópurinn?

Á sá sem skrifar augljósra hagsmuna að gæta?

Er efnið sett fram með eða á móti einhverju málefni?

Af hverju?



Að taka þátt, hafa áhrif og láta okkur málin varða

Sem ábyrgir lýðræðisþegnar tökum við þátt, látum okkur málin varða og höfum áhrif á nærumhverfið og samfélagið í heild. Við erum upplýst um borgaraleg réttindi okkar og annarra ásamt mögulegum hindrunum sem koma í veg fyrir þátttöku. Aðgengi allra að þátttöku og ákvarðanatöku, hvort sem það er í kosningum eða okkar nærumhverfi (t.d. heima, í skólum, í vinnunni) skiptir höfuðmáli. Sumir hópar eiga erfiðara með að taka þátt af ýmsum ástæðum, t.d. vegna mismununar, fötlunar, tungu-málakunnáttu, félagslegrar útskúfunar eða fordóma. Stuðla þarf sérstaklega að virkri og upplýstri þátttöku þeirra og valdefla þá hópa sem er hamlað þátttöku.

„Ekkert um okkur án okkar“ á alltaf að gilda. Þegar við ræðum ákveðin hagsmunamál ætti að tryggja að þau er málið varðar hafi tækifæri til að taka þátt í þeirri umræðu til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en ákvarðanir eru teknar. Við viljum síður að teknar séu ákvarðanir sem hafa bein áhrif á okkar líf án þess að við fáum tækifæri til að til þess að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og jafnvel tækifæri til að koma að ákvarðanatökunni.

Þankabrot

Hvernig hefur þú raunveruleg áhrif á þitt nærumhverfi?

Fer það eftir aðstæðum hvernig áhrif þú hefur? Hefur þú t.d. sömu áhrif á þínu heimili og þú hefur í skólanum eða á þínum vinnustað?

Hvernig er hægt að valdefla hópa sem hafa takmarkað aðgengi til þátttöku?

Hverjir eiga að koma að ákvarðanatöku um mál sem þig varðar, t.d. um að lækka aldursmörkin á kosningaréttinum?

Hvers vegna á kosningaréttur að miðast við 18 ár?

Aðgerðir

Í þessum hluta handbókarinnar verður farið yfir nokkrar aðgerðir sem hægt er að ráðast í til að hafa áhrif eða stuðla að virkri þátttöku fólks í sínu nærumhverfi eða í samfélaginu almennt.

Hægt er að nýta sér ýmsar aðferðir og aðgerðir til að hafa áhrif í sínu nærumhverfi og í samfélaginu, allt frá því að skipuleggja umræðufund með fulltrúum stjórnmálaflokka, efna til mótmæla og koma skoðunum sínum og annarra á framfæri með margvíslegum hætti.

Með aðgerðum geta orðið til margfeldisáhrif sem lýsa sér þannig að þau sem verða fyrir áhrifum aðgerðanna hafa svo aftur áhrif á aðra og þannig koll af kolli. Þetta getur svo stuðlað að enn virkari þátttöku, vitundarvakningu og aukinni gagnrýnni hugsun í samfélaginu.



Að koma á umræðufundi með frambjóðendum/-fulltrúum stjórnmálaflokka

Umræðufundur, eða pallborð, er samkoma þar sem fólk kemur saman og ræðir ákveðin málefni. Í þessu samhengi er átt við fund þar sem fulltrúum stjórnmálaflokka er boðið að koma og svara spurningum fundargesta. Stjórnmálaflokkar á Íslandi eru almennt mjög aðgengilegir. Eitt af hlutverkum þeirra er að marka sér stefnu sem kjósendur geta lýst yfir stuðningi við með því að kjósa flokkinn í kosningum.

Jafnframt er eitt af hlutverkum stjórnmálaflokka að standa vörð um hagsmuni kjósenda almennt. Þess vegna vilja flokkar almennt heyra skoðanir fólksins, sérstaklega ef um er að ræða hóp fólks.

Á heimasíðum flokkanna má alltaf finna yfirlit yfir fólkið í flokkunum. Ýmist eru listar með þingmönnum flokkanna ef þeir eru á þingi, starfsmenn flokkanna, fulltrúa flokkanna í sveitarstjórnnum og listi yfir fólk sem tekur þátt í svæðisbundinni starfsemi flokksins í sveitarfélögum og kjördæmum. Auk þess eru oftast upplýsingar á heimasíðum flokkanna um hvernig er hægt að hafa samband við flokkinn, hvort sem það er með tölvupósti eða í síma. Flokkur er líklegri til að bregðast við fyrirspurn ef hópur fólks stendur að baki henni og þess vegna getur borgað sig að skipuleggja sig vel í samstarfi við aðra ef mögulegt er.

Ef skipuleggja á umræðufund í framhaldsskóla með frambjóðendum eða fulltrúum stjórnmálaflokka, t.d. í aðdraganda kosninga, er árangursríkast að félag á vegum skólans sendi póst fyrir hönd nemenda. Einnig er hægt að stofna sérstakt félag innan skólans sem sér um málefni sem tengjast stjórnmálum ef áhugi er fyrir því. Ef hafa á samband við stjórnmálaflokk er gott að vera búinn að taka frá tíma og stað fyrir fundinn með mjög góðum fyrirvara og senda tölvupóst þar sem kemur skýrt fram hver tilgangur fundarins er.

Gagnlegt er að miða við að skipuleggja fundinn með að lágmarki mánaðar fyrirvara þegar póstur er sendur stjórnmálaflokki og taka það fram ef áhugi er fyrir því að fá einhvern ákveðinn einstakling á fundinn.

Flestir stjórnmálaflokkar eru einnig með ungliðahreyfingu og kannski er áhugi fyrir því hafa samband við þær frekar en stjórnmálaflokkana sjálfa. Margir líta á ungliðahreyfingu sem nokkurs konar aðhald með flokknum þar sem þær fylgjast með starfi hans, gefa álit og gera tillögur frá ungu fólki. Stjórnmálafólk hefur almennt áhuga á að eiga samtál við ungt fólk og kjörnum fulltrúum ber að þjóna ungu fólki líkt og öðrum hópum samfélagsins. Ef skýr fyrirspurn er send á flokka með góðum fyrirvara eykur það líkurnar á því að flokkarnir taki hana til greina.

Þegar að fundinum kemur er gott að hópur af þátttakendum hafi undirbúið sig og sé helst tilbúinn með nokkrar spurningar. Gott er að fara yfir stefnuskrá nokkurra eða allra flokkanna og skrifa hjá sér málefni sem maður vill spyrja um. Eins er gott að fara yfir í huganum málefni sem manni liggja á hjarta, eitthvað sem maður vill sjá breytast. Á meðan á fundinum stendur geta síðan öll spurt þeirra spurninga sem þeim dettur í hug. Sum gætu haft áhuga á því að spyrja nafnlaust og því getur verið gott að fundarstjórar bjóði upp á að þátttakendur sendi inn spurningar sem fundarstjórnarnir lesa síðan upp. Til þess væri hægt að nota forrit eins og t.d. mentimeter.

Að skrifa umsagnir og fylgjast með í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda



Samráðsgátt stjórnvalda (www.samradsgatt.island.is) var opnuð árið 2018 og er ætluð til að auðvelda almenningi að fylgjast með áformum um laga-setningu, drögum að reglugerðum, skjölum um stefnumótun og stjórnarfrumvörpum sem eru lögð fyrir Alþingi af ráðherrum ríkisstjórnar. Í gáttinni eru þingmannafrumvörp aftur á móti ekki birt.

Í Samráðsgáttina, sem er á vegum framkvæmdavaldsins, geta öll sent inn umsögn um þau mál sem eru birt í gáttinni og þar er að finna leiðbeiningar um ritun umsagna.

Heimasíða Samráðsgáttarinnar er mjög aðgengi-leg og gott að renna yfir hana annað slagið til að kanna hvort einhver mál séu til skoðunar sem vert væri að skrifa umsögn um eða senda ábendingar um. Þar er hægt að leita að einstaka málum eða málaflokkum og skoða umsagnir sem aðrir hafa sent inn.

Samráðsgáttin er tiltölulega ný en ráðuneyti fara í vaxandi mæli yfir umsagnir, eins og tilgangurinn með gáttinni er, og rökstyðja afstöðu til umsagna. Í ýmsum tilvikum er tekið mið af athugasemdum, í öðrum ekki.

Að skrifa umsögn um þingmál og senda nefndum Alþingis

Á Alþingi, sem fer með löggjafavaldið, eru starfandi átta fastanefndir sem fara með eftirlitshlutverk gagnvart framkvæmdavaldinu og fjalla um þingmál sem er vísað til þeirra. Þingmál eru frumvörp að nýjum lögum, breytingar á eldri lögum, þingsályktunartillögur og skýrslur.

Öllum er frjálst að senda inn skriflega umsögn um þingmál til þeirrar nefndar sem hefur málið til umfjöllunar. Til að frumvarp verði að lögum fer það í gegnum þrjár umræður á þinginu.

Í fyrstu umræðu er frumvarpið kynnt af flutningsmanni þess sem er sá þingmaður sem leggur frumvarpið fram. Eftir fyrstu umræðu er frumvarpinu vísað til einnar af fastanefndum þingsins, en það fer eftir efni frumvarpsins hvaða nefnd fær það á sitt borð. Í nefndinni er málið rætt og óskað eftir athugasemdum um það frá hagsmunaaðilum og sérfræðingum. Ef t.d. umhverfis- og samgöngunefnd hefur til meðferðar frumvarp að lögum um náttúruvernd á vinsælum ferðamannastöðum gæti nefndin óskað eftir athugasemdum frá Samtökum fyrirtækja í ferðaþjónustu, náttúruverndar-samtökum og öðrum sem málið gæti varðað og einnig sérfróðum aðilum á sviði náttúruverndar. Nefndarmenn fara yfir allar umsagnirnar og gera mögulega breytingar á frumvarpinu sem meiri hluti nefndarmanna telur til bóta.

Þegar nefndin hefur lokið umræðu er frumvarpið tekið til annarrar umræðu á þingi. Þar er frumvarpið rætt af þeim þingmönnum sem vilja tjá sig um það, og ef við á, atkvæði greidd um þær tillögur að breytingum sem nefndin hefur gert á frumvarpinu. Það má senda mál aftur til nefndar eftir aðra umræðu en það er mjög sjaldan gert. Síðan er frumvarpið afgreitt eftir þriðju umræðu eftir að hafa verið rætt í heild af þingmönnum og aftur greidd atkvæði um breytingartillögur ef einhverjar komu fram á milli annarrar og þriðju umræðu.

Ef frumvarp er samþykkt er það sent til ríkisstjórnar sem lög sem taka þó ekki gildi fyrr en eftir að forseti Íslands og ráðherra málaflokksins hefur undirritað þau. Ef frumvarp er fellt á Alþingi má ekki leggja fram sama frumvarp fyrir aftur óbreytt fyrr en nýtt þing hefur tekið til starfa eftir næstu kosningar.

Þingsályktunartillögur fara að jafnaði í gegnum tvær umræður á þingi og eina umræðu í nefnd. Skýrslur nefnda eru ekki allar sendar til þingsins til umræðu. Ef óskað er eftir skýrslu frá ráðherra geta skýrslubeiðendur og ráðherra óskað eftir því að hún verði tekin til umræðu í þinginu.

Lagafrumvarp

er frumvarp að nýjum lögum eða frumvarp að breytingum á eldri lögum sem lag er fram á Alþingi.

Þingsályktunartillögur

um ákveðin mál sem eru samþykktar geta t.d. verið nokkurs konar viljayfirlýsingar af hálfu löggjafarvaldsins.

Skýrslur Alþingis

eru af ýmsum toga, t.d. eru reglulega lagðar fyrir Alþingi skýrslur ríkisendurskoðunar og skýrslur alþjóðanefnda þingsins. Jafnframt geta nefndir eða meirihluti nefnda, og/eða níu þingmenn tekið sig saman, og óskað eftir skýrslu ráðherra um ákveðin málefni.

Að skrifa umsögn um þingmál og senda nefndum Alþingis (frh.)

Það geta öll sent inn umsögn um þingmál, ekki bara þau sem þingnefndir óska sérstaklega eftir athugasemdum frá. Á heimasíðu Alþingis má finna leiðbeiningar um hvernig er hægt að skrifa umsagnir um þingmál og má senda umsagnir með tölvupósti. Umsagnir um þingmál hafa sömu stöðu og þær umsagnir sem nefndin óskar sérstaklega eftir (t.d. frá sérfræðingum og/eða hagsmunaaðlum).

Um ritun umsagna gildir það sama og um svo margt annað; það er auðveldara að hafa áhrif sem hópur en sem einstaklingur.

Gott er að hittast nokkur og ræða málin, skrifa síðan umsögn og senda hana inn sem hópur.

Fastanefndir Alþingis eru átta:

Allsherjar- og menntamálanefnd

Atvinnuveganefnd

Efnahags- og viðskiptanefnd

Fjárlaganefnd

Umhverfis- og samgöngunefnd

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Utanríkismálanefnd

Velferðarnefnd

Þingmenn sitja í þessum nefndum og er kosið í þær á fyrsta fundi þingsins eftir kosningar.

Í lýðræðisríkjum er gerð sú krafa að ákvarðanir stjórnvalda séu gegnsæjar, að það liggi nokkuð ljóst fyrir bæði hvernig og af hverju ákvarðanir eru teknar. Störf stjórnvalda gætu stundum virkað fjarlæg en ættu ekki að vera það. Störf stjórnvalda varða okkur, hafa oft bein áhrif á okkur og nærumhverfi okkar. Sum mál gætu virkað flókin en önnur auðskiljanlegri.

Það er hollt að kynna sér það orðalag sem notað er á formlegum vettvangi eins og á Alþingi og auka þar með stjórnmalalæsi sitt. Þá er það yfirlýst stefna stjórnvalda að stofnanir á vegum ríkisins, þar á meðal ráðuneyti, leggi áherslu á að tileinka sér skiljanlegt málfar, en það gengur hægt, t.d. við samningu frumvarpa og reglugerða.

Í heilbrigðu lýðræði eiga öll að geta haft skoðun á málum. Það getur enginn verið sérfræðingur í öllu en öll hafa eitthvað fram að færa.

Stjórnvöld starfa í þágu þjóðarinnar og það er mikilvægt að geta veitt þeim aðhald.

Að koma efni á framfæri í fjölmiðlum

Í lýðræðissamfélagi ættu öll að hafa sömu tækifæri til að láta sínar skoðanir í ljós, hvort sem um er að ræða nemendur í framhaldsskólum eða forstjórar stórfyrirtækja. Það er hluti af hinu lýðræðislega ferli að mál séu rædd og að jafnræði sé í því að fólk fái tækifæri til að láta sína skoðun í ljós. Oft fæst viðunandi niðurstaða í erfið mál eftir samræður og málamiðlanir. Eins er það hluti af starfi stjórnmálamanna að hlusta á ólíkar skoðanir og ein leið til að taka þátt og hafa áhrif er að skrifa greinar í fjölmiðla.

Ýmsir fréttamiðlar á Íslandi bjóða einstaklingum og samtökum að senda inn greinar. Slíkar greinar fjalla gjarnan um mál sem mikil umræða er um í samfélaginu þá stundina en svo þarf þó alls ekki alltaf að vera.

Til dæmis getur fólk sent inn greinar til að vekja athygli á málefni sem hefur ekki verið mikið rætt í samfélaginu. Það er hluti af tjáningar- og fjölmiðlafrelsi í nútímalýðræðisríkjum að hinn almenni borgari hafi tækifæri til að koma skoðun sinni á framfæri án ritskoðunar. Einnig bjóða miðlar gjarnan upp á að fólk sendi þeim tölvupóst og bendi þeim á frétt næmt efni. Upplýsingar um þessa valmöguleika má finna á heimasíðum miðlanna en oftast þarf einfaldlega að senda ritstjórn miðilsins póst með ábendingu eða pistli sem er oft birtur á miðlinum í kjölfarið. Verklag varðandi birtingu á aðsendu efni er mismunandi milli miðla (t.d. um hámarksorðafjölda) og er um að gera að kynna sér verklag fjölmiðla ef áhugi er á að senda inn efni til birtingar.

Fjarskipti og skipulag í gegnum netið

Að vinna að sameiginlegu verkefni í gegn um netið

Þegar kemur að því að skipuleggja viðburði og mæta á fundi finnst mörgum betra að gera það í eigin persónu. Það er þó ekki alltaf mögulegt og ekki má vanmeta kosti þess að nota fjarskipti til að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Flestir eru á því að samfélagsmiðlar, sem fólk notar til afþreyingar, séu of hversdagslegir til að nýta til vinnu og því getur verið góður ávani að takmarka vinnu- og skólatengd samskipti á þeim miðlum. Til dæmis getur hópur sem ætlar sér að skrifa umsögn um lagafrumvarp í sameiningu búið til teymi (e. team) í Microsoft Teams forritinu, eða búið til Google Docs skjal og rætt saman á spjallþræði sem fylgir skjalinu. Einnig er hægt að nota tölvupóstþráð þar sem málin eru rædd.

Ýmis forrit eru til sem hægt er að nota til að deila gögnum og vinna saman að niðurstöðu. Oft getur hentað betur að vinna í sitt hvoru lagi í gegnum slík forrit. Þá getur hver fundið tíma sem hentar og unnið sinn part á eigin hraða. Eins getur fólk unnið saman í hóp í gegnum netið, sem ekki er statt í sama landshluta eða jafnvel í sömu löndum.

Það er þó alltaf gott að sjá framan í fólk og geta rætt saman munnlega en ekki skriflega sem er hægt að gera í gegnum fjarfundar-búnað eins og Zoom eða áður nefnt Teams. Að skipuleggja stöðufundi í teymisvinnu með góðum fyrirvara getur virkað hvetjandi á þátttakendur í vinnunni og haldið fólki við efnið. Í svona samvinnu eiga sér oft stað persónulegri umræður þegar rætt er saman og það getur stuðlað að góðum liðsanda. Það er mjög mikilvægt að hópur láti það ekki stoppa sig þótt hann geti ekki alltaf hist í eigin persónu.

Líkt og á fundum sem eiga sér stað í fundarherbergi eða kennslustofu er gott að reyna sitt allra besta að vera alveg viðstaddur og einbeittur að viðfangsefninu. Stundum getur verið gott að útnefna fundarstjóra sem er með á hreinu hvað það er sem ræða þarf á fundinum og heldur hópnum við efnið. Það er þó alls ekki algilt og hagar hópurinn fundinum eins og honum hentar best.

Tæki og tól

Auk þeirra forrita sem minnst er á hér að framan, Google Docs, Microsoft Teams og Zoom, má finna ógrynni af forritum á netinu sem hægt er að nota til samvinnu. Kahoot og Socrative eru svipaðar síður sem eru einnig mjög góðar til kennslu eða skemmtunar og hið sama má segja um Padlet. Mentimeter er einnig skemmtileg síða sem kemur sér t.d. vel þegar hópur ætlar að ráðast í hugmyndavinnu. Þegar hefjast á handa við verkefni getur verið mjög gott að nota svokallað „hugarkort“ til að skrifa niður sína sýn á verkefnið og ýmis samþærileg forrit má finna ókeypis á netinu.



Að koma sinni skoðun á framfæri með samstöðu

Það er hluti af lýðræðislegum réttindum fólks að koma skoðunum sínum á framfæri, hvort sem það er eftir formlegum leiðum (t.d. með því að kjósa eða skrifa í fjölmiðla) eða óformlegum leiðum með því t.d. að skrifa undir undirskriftalista, taka þátt í kröfugöngu eða mótmælafundi.

Undirskriftalistar

Undirskriftalistar geta verið af ýmsum toga. Þeir geta t.d. snúist um að koma ákveðnu málefni á framfæri, að mótmæla ákveðinni ákvörðun stjórnvalda eða verið krafa um að tiltekið mál verði sett í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Til að mynda skrifuðu 43.423 undir kröfu um „Nýja stjórnarskrá strax“ árið 2020 og þegar þessi handbók var skrifuð (2021) voru undirskriftalistar í gangi um að gera Innu að smáforriti, mótmæli gegn lokun Laugaland og að jafn atkvæðisréttur sé sanngirnismál. Inn á heimasíðunni Island.is eru leiðbeiningar um hvernig skal stofna til undirskriftalista og hvaða reglum skuli fylgja. Meðal annars þarf listinn að snúast um málefni eða atburði sem eru til umræðu hverju sinni, hann skal vera í samræmi við lög og reglur og stjórnarskrá Íslands, framsetning listans má ekki vera ærumeiðandi og skal vera innan marka velsæmis.

Að koma sinni skoðun á framfæri með samstöðu (frh.)

Að stofna til og/eða taka þátt í mótmælafundi / kröfugöngu

Að safnast saman í hóp og lýsa yfir stuðningi eða andstöðu við ákveðið mál eða málaflokk er oft kallað óhefðbundin þátttaka. Á undanförunum árum hafa ýmsir hópar skipulagt mótmælafundi sem geta t.d. snúist um að vekja athygli á ákveðnum málefnum (t.d. um loftslagsmál), að mótmæla ákvörðunum stjórnvalda (t.d. um brottvísun umsækjenda um alþjóðlega vernd eða fjölgun innflytjenda) eða að mótmæla ákveðnu frumvarpi eða aðgerðum ríkisstjórnarinnar (t.d. mótmæli gegn frumvarpi um þriðja orkupakkann árið 2019 eða aðgerðum sóttvarnaryfirvalda árið 2021).

Rétturinn til að safnast saman á þennan hátt telst til grundvallarréttinda í lýðræðisríkjum þar sem öll eiga rétt á að koma sinni skoðun á framfæri. Samkvæmt 74. grein stjórnarskrár Íslands eiga öll rétt á að safnast saman í hóp vopnalausir og er lögreglunni heimilt að vera við samkomur. Við skipulagningu mótmæla skal tilkynna, eins fljótt og hægt er, um áform þeirra til lögreglustjóra á viðkomandi svæði um hvar og hvenær mótmælin verða haldin. Einn tilgangurinn með slíkum tilkynningum er til þess að lögregla geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi stjórnun umferðar og að haldið sé uppi reglu og lögum.



Skuggakosningar

Þátttaka í kosningum er mikilvægt tæki til að koma skoðunum sínum á framfæri. En hvernig á fólk sem hefur ekki náð 18 ára aldri, og hefur þar af leiðandi ekki kosningarétt, að koma sínum skoðunum að ef það getur ekki greitt atkvæði? Það er hægt að gera með því t.d. að kjósa í „skuggakosningum“, en það eru tilbúnar kosningar þar sem lagt er upp með að líkja sem mest eftir almennum kosningum.

Það skemmtilega við skuggakosningar er að þær þurfa ekki endilega að snúast um atkvæðagreiðslur á landsvísu eins og forseta-, alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Í skuggakosningum er hægt að takast á við spurningar sem gjarnan er kosið um í annars konar atkvæðagreiðslum eins og þjóðaratkvæðagreiðslum. Þetta gætu verið spurningar eins og hvort að lækka eigi kosningaaldurinn, hvort afnema eigi einkarétt ríkisins á sölu áfengis eða hvort breyta eigi stjórnarskránni. Niðurstöður skuggakosninga geta mögulega haft áhrif á samfélagið.

Landssamband ungmennafélaga (LUF) og Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) hafa staðið fyrir lýðræðisáttakinu #ÉgKýs. Í því felst að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun. Ein af aðgerðum #ÉgKýs eru skuggakosningar í framhaldsskólum í aðdraganda alþingis- og sveitarstjórnarkosninga.

Burtséð frá því hvort að niðurstöður skuggakosninga hafi bein áhrif á stjórnámál, þá eru niðurstöður þeirra ákveðin skilaboð til stjórnvalda um þátttöku og val þeirra sem taka þátt í þeim.

Niðurstöður skuggakosninga geta stundum verið á skjön við úrslit kosninga. Þá er hægt að spyrja að því hvers vegna svo sé.

Hafa þau sem taka þátt í skuggakosningum annars konar upplýsingar heldur en þau sem taka þátt í kosningum?

Er vilji og hagsmunir þeirra sem taka þátt í skuggakosningum aðrir en þeirra sem taka þátt í raunverulegum kosningum?

Er komið til móts við þarfir þeirra sem taka þátt í skuggakosningum?

Eða er það einfaldlega þannig að fólkið sem tekur þátt í skuggakosningum er með annars konar skoðanir en það fólk sem tekur þátt í t.d. alþingiskosningum?

Þetta eru allt mikilvægar spurningar vegna þess að þrátt fyrir að ungt fólk, yngra en 18 ára, geti ekki tekið þátt í alvöru kosningum, þá skipta skoðanir þeirra máli og geta haft áhrif á stefnumótun stjórnámálaflokka.

LEIKIR

Í þessum hluta handbókarinnar verður farið yfir ýmsa leiki sem allir eiga það sameiginlegt að vera hannaðir til að efla lýðræðisvitund og gagnrýna hugsun. Hluti af leikjunum er byggður á fyrirmyndum úr ritum Evrópuráðsins, Compass: Human Rights Education with Young People eða íslensku þýðingunni Kompás: handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk, Litli Kompás: handbók um mannréttindamenntun fyrir ungt fólk og Education Pack: All different – All Equal) en hafa þó ýmist verið aðlagðir eða útfærðir á annan hátt en lagt er upp með í þessum fyrirmyndum.

Þegar farið er í leikina þarf að tryggja öruggt rými (e. safe space) sem þýðir að þátttakendur ættu að upplifa umhverfið, sem leikurinn á sér stað í, sem öruggt og virðing fyrir náunganum höfð í fyrirrúmi. Þegar kemur að leikjum þarf að útskýra mjög vel að þátttakendur koma til með að tileinka sér hlutverk og að þær skoðanir sem fylgja hlutverkinu endurspeгла ekki endilega skoðanir þátttakandans.

Lóðsari eða lóðsaraher eru þeir sem taka að sér að halda utan um skipulag og framkvæmd leiksins

Leikirnir krefjast mismikils tíma og allur gangur er á því hversu stóran hóp þarf til að geta leikið þá. Í hverjum leik er einn til þrír aðilar sem taka að sér að halda utan um skipulag og framkvæmd sem eru hér kallaðir lóðsaraher, vegna þess að þeir lóðsa þátttakendur í gegnum leikina.



Í hverjum leik sem hér er lýst í stuttu máli og hver markmiðin eru með honum, er sagt frá því hvað þurfi að gera til undirbúnings, hver sé hentugur fjöldi þátttakenda. Hverju skrefi í leiknum er lýst, hvað hver leikur tekur um það bil langan tíma og hvað er hægt að taka fyrir í uppgjörsumræðu eftir hvern leik.

Leikur	Fjöldi þátttakenda	Stutt lýsing	Bls.
Að afla sér fylgis	Frá einum og upp úr	Leikurinn byggist á umræðum um ýmiss konar fullyrðingar um lýðræði, kosningar og samfélagið. Þátttakendur staðsetja sig á skala eftir eigin sannfæringu og reyna að sannfæra aðra um að taka undir sína afstöðu.	19
Að kjósa eða kjósa ekki	Frá einum og upp úr	Leikurinn byggist á kosningaþátttöku og fjallar um mögulegar ástæður fyrir þátttöku í kosningum og / eða ástæður sem draga úr henni. Leikurinn er þrískiptur: Kynning á skoðanakönnun, að framkvæma skoðanakönnun og greining á niðurstöðum.	23
Að taka upplýsta ákvörðun	17-20	Leikurinn byggist á hlutverkaleik og umræðum þar sem þátttakendum er skipt í hópa sem taka þátt í pallborði um mismunandi málefni. Hóparnir samanstanda af þremur mismunandi stjórnmálaflokkum, tveimur mismunandi aldurshópum og kjörstjórn.	32
Hlutdræg miðlun	10-25	Leikurinn byggist á rannsókn þátttakenda á mismunandi fjölmiðlum og hvernig þeir greina frá atburðum. Þátttakendur greina frásagnir og leita að ákveðnum atriðum sem gætu haft áhrif á frásagnir fjölmiðla og hvaða orðræða er notuð.	43
Hvert atkvæði skiptir máli	10-30	Leikurinn byggist á umræðum um lýðræði. Fyrri hluti leiksins fjallar um hvers konar lýðræði þátttakendum finnst æskilegt. Í seinni hlutanum fara fram umræður um hvernig þróa megi lýðræðiskerfi sem tryggji að fólk geti haft áhrif í sínu nærumhverfi. Að lokum verða haldnar kosningar til að æfa lýðræði.	45
Látum allar raddir hljóma	8-50	Leikurinn byggist á umræðum í smærri hópum og á sameiginlegum fundi allra þátttakenda, þar sem fjallað er um: A) Lýðræði og hversu vel (eða illa) það kemur til móts við þarfir fólks og B) Hlutdeild í ákvarðanatöku.	52
Sköpum tengsl	8-20	Leikurinn byggist á samningaviðræðum um réttindi og ábyrgð borgaranna, stjórnvalda, frjálsra félagasamtaka og fjölmiðla í lýðræðisríki.	58
Upplýsingamiðlun og fréttæmi	10	Leikurinn byggist á leikþætti og frásögnum þátttakenda af leikþættinum. Þátttakendur munu greina frá atburði og kanna hvort það skipti máli hvernig sagt er frá viðburðinum og hvort utanaðkomandi þættir hafi áhrif á frásögnina.	63
Þátttökuprepin	12-30	Leikurinn fjallar um þátttöku ungs fólks og byggist á umræðum um þætti sem gætu hindrað eða virkjað þátttöku ungs fólks.	66

Að afla sér fylgis

Byggt á Kompás: Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Þegar kemur að því að taka afstöðu eftir okkar eigin sannfæringu er mikilvægt að velta fyrir sér öllum hliðum hennar. Í þessum leik ætlum við að fara yfir afstöðu okkar, hvers vegna við höfum ákveðna aðstöðu og og hlusta á skoðanir þeirra sem eru mögulega með andstæðar skoðanir.
Hópstærð	Hver sem er
Tími (til viðmiðunar)	65 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	Að velta fyrir sér ýmsum álitamálum í lýðræðislegu þjóðfélagi Að þjálfra með sér og þroska hæfileika til að hlusta á aðra, ræða við þá og sannfæra. Að hvetja til samstarfs og umburðarlyndis Að hvetja til samvinnu
Efniviður og aðstaða	Opið rými Tvö A4 blöð og pennar til að útbúa skiltin Límband Lítill spjöld og pennar fyrir minnispunkta (ekki nauðsynlegt)
Undirbúningur	Útbúa tvö skilti, „sammála“ og „ósammála“, og líma þau hvort við sinn enda á löngum vegg. Gæta skal þess að nægilegt rými sé meðfram veggnum til þess að þátttakendur geti myndað beina röð Setja tvo stóla í miðjan salinn með um hálfs metra millibili og nægu rými í kring til að hægt sé að fara þar um

Leiðbeiningar

	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
1. Lóðsarinna bendir á skiltin tvö og segir þátttakendum að nú verði lesin upp fullyrðing (sjá tillögur að fullyrðingum hér á eftir) sem þeir geta verið sammála eða ósammála um.	2	
2. Lóðsarinna velur eina fullyrðingu af listanum hér á eftir og les hana upp fyrir hópinn.	5	Ath.: Gott er að gefa sér góðan tíma til að ræða hverja fullyrðingu, jafnvel allt að hálf tíma. Ef nota á fleiri fullyrðingar verður að gera ráð fyrir viðbótartíma sem því nemur.
3. Lóðsarinna segir þátttakendum að koma sér fyrir við vegginn eftir því „hversu“ sammála eða ósammála þeir eru fullyrðingunni/fullyrðingunum. Ef þeir eru fullkomlega sammála eða ósammála eiga þeir að standa við annan hvorn endann; annars einhvers staðar á milli.	4. Þegar þátttakendur hafa tekið sér stöðu skal lóðsarinna biðja þau tvö sem mest greinir á að setjast á stólana tvo í miðjum salnum sem fulltrúa hvors sjónarmiðs fyrir sig. Öll hin ættu að safnast kringum stólana og taka sér stöðu fyrir aftan aðilann sem þau eru „mest“ sammála eða stilla sér upp á milli þeirra ef þau eru óákveðin.	
5. Þátttakendur sem sitja í stólunum fá eina mínútu hvor til að útskýra af hverju þeir eru sammála eða ósammála upphaflegu fullyrðingunni og færa rök fyrir því af hverju aðrir ættu að vera þeim sammála. Enginn á að trufla þá eða aðstoða. Öll eiga að hlusta.	Liðir 3, 4 og 5 u.þ.b. 15 mín.	Gott er að hvetja þátttakendur til að hugsa ekki bara um innihald og framsetningu eigin skoðana, heldur einnig þá tegund eða form röksemda sem gætu best sannfært þá sem eru í hinum hópnum. Þeir vilja fá sem allra flesta yfir í sinn „flokk“. Þeir geta notað hléið milli „ræðuhalda“ til að íhuga stöðu andstæðingsins og hugsa út leiðir til að veikja hana.

Leiðbeiningar (frh.)

6. Þegar þessir tveir þátttakendur sem voru mest ósam- mála hafa flutt mál sitt skal lóðsarinn biðja hina í hópnum að færa sig aftur fyrir annan hvorn ræðumanninn (nú verða þeir að taka afstöðu) svo að nú verði einn hópur „með“ því sem var rætt og annar hópur „á móti“. Nú fá hóparnir tíu mínútur til að undir- búa hvor í sínu lagi röksemdir fyrir afstöðu sinni og velja annan talsmann til að kynna þær.	10	
7. Þegar tíu mínúturnar eru liðnar skal lóðsarinn kalla hópana saman aftur og biðja talsmennina tvo að setjast í stólana og „stuðningsmennina“ að stilla sér upp í kringum þá.	3	
8. Talsmennirnir fá þrjár mínútur hvor til að færa rök fyrir máli sínu og þegar þær eru liðnar mega stuðningsmenn hvors um sig skipta um stöðu og færa sig yfir til hins ef rök hans hafa verið sannfærandi.	3	Hægt er að leyfa ræðumönnum að vera með nokkra minnispunkta á blaði fyrir röksemdirnar og grípa til meðan þeir tala.
9. Hóparnir fá nokkrar mínútur til viðbótar til að fjalla um rökin og velja sér þriðja talsmanninn. Eftir ræður þeirra fá þátttakendur tækifæri til að skipta um stöðu ef þeir vilja.	10	
10. Að lokum skal lóðsarinn kalla hópana aftur saman til að hefja uppgjörsumræður.	20	

Uppgjörsumræða

Nú er rætt um tilgang umræðna og hvernig þær fara fram.
Forðast ætti að hefja aftur umræður um málefnið sjálft.
Tillögur að umræðuefni:

Skiptu einhverjir um skoðun þegar farið var að ræða málin?
Ef þið gerðuð það, hver voru rökin sem sannfærðu ykkur?

Fannst ykkur eitthvað fleira en röksemdarfærslan sjálf hafa áhrif á ykkur?
T.d. þrýstingur frá hinum, tilfinningaþrungnar ræður eða keppnisandi?

Þau ykkar sem skiptuð ekki um skoðun, fannst ykkur einhver tilgangur í því að vera að ræða þessi mál?
Getið þið komið með einhverjar ástæður sem gætu fengið ykkur til að skipta um skoðun?

Hvers vegna hefur fólk ólíkar skoðanir?
Hvernig ætti að bregðast við því í lýðræðisþjóðfélagi?

Eiga allar skoðanir rétt á sér í lýðræði, jafnvel þó þær séu öfgakenndar?

Hvernig var að vera talsmaður hópsins og að þurfa að koma afstöðu annarra á framfæri?

Hvernig finnst þér fulltrúarnir í þínu nærumhverfi /á landsvísu vera að standa sig í að beita sér fyrir þínum hagsmunum? (t.d. þingmenn eða forystufólk í samtökum sem þú ert aðili að) vera að standa sig í að beita sér fyrir þínum hagsmunum?

Tillögur að fullyrðingum

Það er borgaraleg skylda okkar að kjósa í kosningum

Það er mikilvægt að fara að öllum lögum, jafnvel þó að okkur finnist þau vera ósanngjörn

Við höfum öll sömu tækifæri til að hafa áhrif á stjórnmál

Eina fólkið sem hefur einhver völd í lýðræðisríki eru stjórnámálamennirnir

Fólk fær þá stjórnálaleiðtoga sem það á skilið, vegna þess að fólkið kaus þá

Það er mikilvæg skylda borgaranna að fylgjast með daglegum athöfnum stjórnvalda

Tjáningarfrelsi þýðir að við megum segja allt sem okkur langar

Það ætti að banna öfgamönnum með lögum að tala opinberum vettvangi

Það er eðlilegt að fólk geti birt allt sem það vill á samfélagsmiðlum

Það ætti að vera lagaleg skylda að kjósa

Í staðinn fyrir að kjósa stjórnámálaflokk í Alþingiskosningum ætti að kjósa einstaklinga (persónukjör)

Það er mikilvægt að taka þátt í að kjósa fulltrúa í nemendafélög

Stjórnámálaflokkar með öfgafulla stefnu (t.d. nýnasista stjórnámálaflokkar) eiga alveg jafnmikinn rétt á þátttöku í kosningum eins og aðrir flokkar.

Hverjir kjósa og hverjir ekki?

Byggt á Kompás: Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Hvers vegna kýs fólk? Hvers vegna ekki? Hér ætlum við að kanna ástæður þess að fólk ákveður að taka þátt eða taka ekki þátt í kosningum.
Hópstærð	Hver sem er
Tími (til viðmiðunar)	270 mínútur (í þremur hlutum)
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að geta rætt um á uppbyggilegan hátt af hverju sumir taka þátt í kosningum á meðan að aðrir kjósa ekki • Að geta útskýrt gildi þess að nota atkvæðisrétt sinn í kosningum og að framlag allra í lýðræðissamfélagi skipti máli • Að geta greint upplýsingar á gagnrýnin hátt
Efniviður og aðstaða	• Könnunarblöð fyrir hvern hóp • Niðurstöðublað I og II, eitt eintak fyrir hvern hóp • Ljósrit af leiðbeiningum um hvernig könnunin skuli fara fram, eitt eintak fyrir hvert par í leiknum (sjá nánar um þa í leiðbeiningum hér að neðan) • Pennar og blýantar handa öllu • Stórar pappírsarkir (A3) eða flettistöflupappír og tússpennar. • Límband.
Undirbúningur	• Ljósrita könnunarblaðið á stórt blað, t.d. A3, svo að hægt sé að nota það til leiðbeiningar fyrir allan hópinn með því t.d. að hengja það upp á vegg • Taka ljósrit af könnunarblaði og útdeila til hópanna. Fjöldi kannanablaða fer eftir því hversu mörgum svörum hver hópur á að safna. Gott er að miða við að svarfjöldi sem allir hóparnir safna samtals verði ekki undir 50. Taka skal eitt ljósrit á stórt blað, t.d. A3, af niðurstöðublöðunum tveimur • Gera tímaáætlun fyrir verkefnið. Reikna má með 60 mínútum í 1. hluta (kynningu á skoðanakönnuninni), minnst 120 mínútum í 2. hluta (skoðanakönnunina) og 90 mínútum í 3. hluta (greiningu á niðurstöðum ásamt samantekt og mati)

Leiðbeiningar

Leikurinn þarf ekki að standa yfir samfelld og gera þarf ráð fyrir hléum.
Gott er að miða við að heildartími leiksins
verði ekki lengri en 270 mínútur.

Hluti 1 - Kynning á skoðanakönnuninni

Nokkur ráð til lóðsara leiksins

1. Lóðsarinna segir þátttakendum að megin tilgangur fyrsta hlutans sé að búa þá undir að fara út á meðal fólks og kanna hvers vegna það tekur þátt í kosningum og hvers vegna ekki.

Strax í upphafi er ráðlegt að segja afdráttarlaust að tilgangur þessa verkefnis sé sá að ungt fólk geri sér ljóst að það skipti máli að leggja sitt af mörkum til lýðræðisins. Leggja skal áherslu á það sjónarmið í stað þess að tala um að fólk „verði“ að nota atkvæði sitt. Segja skal þátttakendum að hver og einn þeirra verði að hafa gert upp hug sinn þegar verkefninu lýkur, en til að þeim takist það sé mikilvægt að þeir geri sér grein fyrir hinum ýmsu og ólíku ástæðum þess að kosningar fari fram.

2. Lóðsarinna spyr þátttakendur hvort þeir ætli að kjósa í næstu sveitarstjórna- eða þingkosningum, og hvort þau muni þá vera að kjósa í sínum fyrstu kosningum. Lóðsarinna segir þeim að rétta upp hönd og skiptir svo hópnum í tvennt, þá sem ætla að kjósa (A) og þá sem ætla ekki að kjósa (B). Þeim sem eru óákveðnir má skipta af handahófi milli hópanna svo að þeir verði álíka stórir.

3. Næst biður lóðsarinna báða hópana um að skrifa á stórt blað ástæður að þau ætli eða ætli ekki að kjósa. Hóparnir fá fimmtán mínútur til að skrifa upp þessa lista. Lóðsarinna skal biðja hópana um að velja sér talsmann til að lesa upp listana.

4. Lóðsarinna kallar hópana saman aftur og biður talsmenn þeirra að lesa upp listana. Lóðsarinna leyfir stuttar umræður að því loknu og bætir fleiri tillögum við ef einhverjar eru.

Reynið að hafa umræðurnar eins hlutlægar og hægt er. Þessar umræður mega ekki dragast á langinn, þær þjóna þeim tilgangi að þátttakendur hafi leitt hugann að kosningaþátttöku, að ólíkum ástæðum hennar og eru undirbúningur fyrir könnunina.

Leiðbeiningar (frh.)

5. Lóðsarinn skal skipta þátttakendum í litla hóp (t.d. 2-3 saman). Lóðsarinn útskýrir að hver hópur á að gera könnun um hvers vegna fólk kys eða ekki.

6. Lóðsarinn afhendir hverjum hópi eintök af könnunarblöðunum og notar stóra ljósritið til útskýringar. Lóðsarinn bendir á að síðustu tvær spurningarnar eru ólíkar eftir því hvort að fólk kaus eða ekki, og að spyrja eigi þá sem kusu ekki að spurningu númer 5 og þá sem kusu að spurningu númer 6, og að allar aðrar spurningarnar séu lagðar fyrir alla sem taka þátt í könnuninni. Næst skal lóðsarinn lesa spurningarnar upp og gæta þess að það sé eins skýrt og hægt er hvert næsta skref í leiknum er.

7. Næst útskýrir lóðsarinn hvernig á að skrá svörin. Lóðsarinn sýnir þátttakendum dæmi (sjá dreifiblað) og skýrir fyrir þeim hvernig nota skal „fimm strika“ aðferðina til þess að auðvelda talningu.

8. Lóðsarinn lætur hópana fá leiðbeiningarnar um hvernig taka skuli viðtal, eitt eintak á hóp. Lóðsarinn les þær upp og ræðir eftirfarandi atriði:

- Hvernig þátttakendur geti leitast við að tryggja að sem breiðastur hópur svari könnuninni
- Hve marga aðila hvert hópur á að ræða við? Því fleiri þeim mun betra!
- Hvar og hvenær skoðanakönnunin skal fara fram
- Hvenær unnið verður úr könnuninni
- Hvenær skuli mæta aftur til að fjalla um niðurstöðurnar

Hluti 2 - Könnunin

1. Þegar þátttakendum er ljóst hvað þeir eiga að gera skal haldið áfram og tekið til við næsta lið leiksins – sjálfa skoðanakönnunina!

2. Lóðsarinn og þátttakendur eiga að koma sérsaman þann tíma sem þið ætlið að nota í skoðanakönnunina og hvenær þið ætlið að hittast aftur.

Hluti 3 – Greining á niðurstöðum

1. Skoðanakönnuninni er nú lokið.

Þátttakendur hittast til að taka saman niðurstöðurnar og fjalla um þær. Það ætti að taka um 60 mínútur.

2. Lóðsarinn biður hópana um að skipta könnunarblöðunum í tvo stafla eftir því hvort að svarendur sögðust hafa kosið eða ekki. Næst skrá hóparnir svör úr hverjum stafla á sín niðurstöðublað. Svör þeirra sem kusu ekki er skráð á niðurstöðublað I og þeirra sem kusu á niðurstöðublað II. Að þessu loknu tekur lóðsarinn saman svör allra hópanna við hverri spurningu á stóru könnunarblöðin tvö sem voru ljósrituð og hengd upp á vegg fyrir alla til að sjá. Einnig skal skrá ástæðurnar sem viðmælendur nefndu fyrir því hvort þeir ætluðu að kjósa eða ekki. Ef sama ástæðan var oft gefin upp skal skrá hve oft og nota „fimm strika“ aðferðina.

Nokkur ráð til lóðsara leiksins

Lóðsarinn gætir þess að öllum sé ljóst að fyrst þurfi að skrá hvort að viðkomandi hafi kosið í síðustu kosningum á landsvísu, sem væru þá annað hvort alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar eftir því hvenær leikurinn á sér stað.

Afar mikilvægt er að lóðsarinn átti sig á hve miklum upplýsingum hópurinn getur unnið úr. Ekki skal safna svo miklum upplýsingum að þátttakendur gefist upp á útreikningunum. Hægt er að minnka umfangið ef þátttakendur eru mjög margir með því að sleppa ákveðnum spurningum (en þó ekki spurni-
ngunni um hvort viðkomandi hafi kosið).

Fimm strika aðferðin:
Fjögur lárétt strik og það fimmta á ská yfir þau.



3. Þegar öllum gögnunum hefur verið safnað saman skal lóðsarinn biðja þátttakendur að reikna út eftirfarandi atriði:

- ♦ Heildarfjöldi viðmælenda
- ♦ Hlutfall kjósenda af heildarfjölda þeirra sem tóku þátt í könnuninni og hlutfall þeirra sem tóku ekki þátt
- ♦ Hlutfall eftir kynjum
- ♦ Hlutfall viðmælenda eftir aldurshópum
- ♦ Aldurshópin með fæstum kjósendum
- ♦ Aldurshópin með flestum kjósendum
- ♦ Algengustu ástæðurnar sem viðmælendur nefna fyrir því að ætla ekki að kjósa
- ♦ Algengustu ástæðurnar fyrir því að ætla að kjósa
- ♦ Hvort fleiri nefndu ástæður sem tengdust því hvort það skipti máli að kjósa og hvort það væri borgaraleg skylda að kjósa.
- ♦ Var munur á þeim sem ætluðu að kjósa samanborið við þá sem ætluðu ekki að kjósa?
- ♦ Hvort fleiri nefndu ástæður sem tengdust stjórnmálamönnum/ frambjóðendum eða stefnumálum framboðanna.
- ♦ Var munur á þeim sem ætluðu að kjósa samanborið við þá sem ætluðu ekki að kjósa?

4. Síðan skal hefja uppgjörsumræður um hvort þátttakendum fannst gaman að gera skoðanakönnunina og hvað þeir lærðu af því.

Uppgjörsumræða

Hvernig leið ykkur á meðan skoðanakönnunin fór fram?

Var fólk almennt tilbúið til að svara spurningunum?

Var erfitt að vinna úr könnuninni?

Var það skemmtilegt?

Tókst hópnum að fá fram „dæmigert“ sýnishorn af íslenskum kjósendum í heild?

Hvaða erfiðleikum var það háð?

Að hvaða leyti er vandasamt að draga ályktanir af niðurstöðum hópsins?

Hvernig er hægt að komast hjá þeim vanda?

Komu einhverjar niðurstöður á óvart?

Voru svör viðmælendanna að einhverju leyti svipuð því sem hópurinn átti von á?

Teljið þið að viðmælendur ykkar séu „dæmigerður“ hópur sem endurspeglar almenning á Íslandi?

Myndi hópurinn fara öðruvísi að ef hann ætti að gera skoðanakönnunina aftur?

Gefa niðurstöður könnunarinnar raunsæja mynd af kosningaþátttöku í ykkar skóla eða byggðarlagi?

Hvers vegna?

Hvers vegna ekki?

Hvað finnst ykkur núna um nauðsyn þess að taka þátt í kosningum?

Hefur einhver skipt um skoðun (í hvora áttina sem er)?

Ef svo er, hverjar voru helstu ástæðurnar?

Leiðbeiningar um skoðanakönnunina

Viðmælendur

1. Veljið sem breiðastan hóp viðmælenda. Með öðrum orðum, ekki „velja“ einsleitan hóp viðmælenda, t.d. bara ungt fólk, eldra fólk, vel útlítandi fólk, konur svo nokkur dæmi séu tekin. Forðist hlutdrægni í vali ykkar á viðmælendum.
2. Spyrjið viðmælendur hvort þeir séu til í að svara nokkrum spurningum í skoðanakönnun, segið þeim deili á ykkur, hver sé tilgangur könnunarinnar, að trúnaði sé heitið og að svörin verði nafnlaus. Greinið jafnframt frá því að þeim sé ekki skylt að svara öllum spurningum taki þeir þátt í könnuninni og að niðurstaða könnunarinnar verði ekki birt opinberlega, að hún sé eingöngu ætluð til úrvinnslu innan þessa tiltekna hóps sem tekur þátt í leiknum.

Viðtalið

1. Ef viðmælandinn fellst á að taka þátt í könnuninni skaltu byrja á því að spyrja viðkomandi hvort hann hafi kosið síðast þegar kosningar fóru fram á landsvísu (hér er átt við Alþingiskosningar, forsetakosningar og sveitastjórnarkosningar).
Skráið svör viðmælenda á könnunarblað.
2. Spurningar 1 og 2: Spyrjið fólk um kyn og aldur. Ef fólk vill ekki svara er merkt við „Vill ekki svara“.
3. Spurningar 3 og 4: Spyrjið eða sýnið viðmælandanum spurningarnar og svarkostina og biðjið viðmælandann að velja eitt svar við hverri spurningu.
4. Spurning 5: Spyrjið að lokum hver var helsta ástæða þess að viðkomandi kaus/kaus ekki í síðustu kosningum og skráið svarið niður.
5. Merkja skal greinilega við hvert svar svo að auðvelt sé að taka niðurstöðurnar saman í lokin.
Aðeins skal merkja við eitt svar við hverri spurningu hjá hverjum og einum.

Efni til dreifingar

Könnunarblað

1. Skrá hvort viðkomandi hafi kosið í síðustu kosningum á landsvísu, annað hvort alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum.

- ☐ Já, kaus
☐ Nei, kaus ekki eða var ekki kominn með kosningarétt
☐ Vil ekki svara

2. Spurning: Ert þú karl, kona, kynsegin eða skilgreinir þú kyn þitt með öðrum hætti?

- ☐ Karl
☐ Kona
☐ Kynsegin
☐ Annað: _____
☐ Vil ekki svara

3. Spurning: Á hvaða aldursbili ert þú?

- ☐ Yngri en 16 ára
☐ 16-18 ára
☐ 19-21 árs
☐ 22 ára eða eldri
☐ Vil ekki svara

4. Spurning: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum:

Þitt atkvæði skiptir máli fyrir úrslit kosninganna

☐	☐	☐	☐	☐	☐
Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Vil ekki svara

Það er borgaraleg skylda að kjósa

☐	☐	☐	☐	☐	☐
Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Vil ekki svara

Það breytir engu um hvað gerist eftir því hvaða stjórnmálaflokk maður kýs

☐	☐	☐	☐	☐	☐
Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Vil ekki svara

5. Spurning: *Hversu vel eða illa eiga eftirfarandi fullyrðingar við um þig:*

Það var einn eða fleiri flokkar sem settu fram stefnumál sem ég var sammála

☐	☐	☐	☐	☐	☐
Á mjög vel við um mig	Á frekar vel við um mig	Á hvorki vel né illa við um mig	Á illa við um mig	Á mjög illa við um mig	Vil ekki svara

Það var frambjóðandi stjórnmálaflokks sem ég gat hugsað mér að styðja með því að kjósa flokk viðkomandi

☐	☐	☐	☐	☐	☐
Á mjög vel við um mig	Á frekar vel við um mig	Á hvorki vel né illa við um mig	Á illa við um mig	Á mjög illa við um mig	Vil ekki svara

6. Spurning: Þeir spurðu sem kusu ekki:

Var einhver sérstök ástæða fyrir því að þú ákvaðst að kjósa ekki?

Skrá svar: _____

7. Spurning: Þeir spurðu sem kusu:

Var einhver sérstök ástæða fyrir því að þú ákvaðst að kjósa ?

Skrá svar: _____

Niðurstöðublað I Þeir sem kusu ekki

Kyn	Fjöldi	Aldur	Fjöldi
Karl		Yngri en 16 ára	
Kona		16-18 ára	
Kynsegin		19-21 árs	
Annað		22 ára eða eldri	
Vil ekki svara		Vil ekki svara	

	Fjöldi sem er mjög / frekar sammála	Fjöldi sem svarar hvorki né	Fjöldi sem er mjög / frekar ósammála
Þitt atkvæði skiptir máli fyrir úrslit kosninganna			
Það er borgaraleg skylda að kjósa			
Það breytir engu um hvað gerist eftir því hvaða stjórnmálaflokk maður kys			

	Fjöldi sem segir mjög / frekar vel	Fjöldi sem svarar hvorki né	Fjöldi sem segir mjög / frekar illa
Það var einn eða fleiri flokkar sem settu fram stefnumál sem ég var sammála			
Það var frambjóðandi stjórnmálaflokks sem ég gat hugsað mér að styðja með því að kjósa flokk viðkomandi			

Niðurstöðublað II Þeir sem kusu

Kyn	Fjöldi	Aldur	Fjöldi
Karl		Yngri en 16 ára	
Kona		16-18 ára	
Kynsegin		19-21 árs	
Annað		22 ára eða eldri	
Vil ekki svara		Vil ekki svara	

	Fjöldi sem er mjög / frekar sammála	Fjöldi sem svarar hvorki né	Fjöldi sem er mjög frekar ósammála
Þitt atkvæði skiptir máli fyrir úrslit kosninganna			
Það er borgaraleg skylda að kjósa			
Það breytir engu um hvað gerist eftir því hvaða stjórnmálaflokk maður kys			

	Fjöldi sem segir mjög / frekar vel	Fjöldi sem svarar hvorki né	Fjöldi sem segir mjög / frekar illa
Það var einn eða fleiri flokkar sem settu fram stefnumál sem ég var sammála			
Það var frambjóðandi stjórnmálaflokks sem ég gat hugsað mér að styðja með því að kjósa flokk viðkomandi			

Að taka upplýsta ákvörðun

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Það er stutt í kosningar og kjósendur eru ekki upplýstir um stefnumál stjórnmálaflokkanna. Til þess takast á við þetta hefur verið ákveðið að halda pallborðsumræður með flokkunum sem bjóða fram og þar gefst þeim tækifæri til að kynna stefnumál sín og væntanlegir kjósendur geta spurt spurninga.
Hópstærð	17-20
Tími (til viðmiðunar)	100 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að setja sig í spor annarra hópa samfélagsins • Spyrja gagnrýnna spurninga • Greina frá stefnumálum á auðskiljanlegan hátt
Efniviður og aðstaða	• Opið rými • 3 borð • 17-20 stólar (fer eftir hópastærð) • A4 blöð • Skrifffæri
Undirbúningur	• Prenta út hlutverkakort fyrir hvern hóp og viðeigandi leiðbeiningar • Undirbúa miða sem á stendur 5 mínútur og 1 mínúta • Útbúa nafnspjöld til að setja á borðin • Útbúa kjörkassa og atkvæðaseðla

Leiðbeiningar

Í hlutverkakortunum er hægt að sjá stefnumál hvers flokks. Hægt er að velja að fjalla um nokkur stefnumál eða aðeins eitt með því að prenta út viðeigandi hluta hvers hlutverkakorts.

Einnig er hægt að breyta leiknum og bæta við nýjum stefnumálum, t.d. þeim er varða þjóðina eða þeim sem varða ákveðin sveitarfélög. Ef áhugi er fyrir að auka áherslu á kosningahluta leiksins, þá er hægt að lengja leikinn og framkvæma fleiri aðgerðir, til að mynda að bjóða sérfræðingum að fjalla um ákveðin stefnumál og bjóða þátttakendum að skrifa greinar um stefnumál.

Tillögur að stefnumálum sem varða þjóðina

- ◆ Aðild Íslands að Evrópusambandinu
- ◆ Lækkun kosningaaldurs
- ◆ Breytingar á stjórnarskrá
- ◆ Stytting skólaskyldu

Tillögur að stefnumálum sem varða sveitarfélög

- ◆ Sameining sveitarfélaga
- ◆ Samgöngur
- ◆ Morgunmatur í grunnskóla
- ◆ Skólabúningaskylda í grunnskóla
- ◆ Frístundakort



Leiðbeiningar (frh.)

	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
1. Lóðsarin heldur á lofti hlutverkakortunum og segir þátttakendum að þeim verði skipt í 6 hópa.	5	
2. Þátttakendum er skipt í eftirfarandi hópa: a. Stjórnmalaflokkur A (3-4 einstaklingar) b. Stjórnmalaflokkur B (3-4 einstaklingar) c. Stjórnmalaflokkur C (3-4 einstaklingar) d. Kjósendur: Fólk sem býr á landsbyggðinni (3-4 Einstaklingar) e. Kjósendur: Fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu (3-4 einstaklingar) f. Kjörstjórn (2 einstaklingar)	5	
3. Hver hópur fær kort með upplýsingum um sitt hlutverk og leiðbeiningar.		
4. Lóðsarin útskýrir fyrir hverjum hóp að þeir fái 30 mínútur til að undirbúa sig og setja sig inn í sitt hlutverk. Næst er A4 blöðum og skriffærum dreift til hvers hóps. a. Hópar A-C eiga að undirbúa sig fyrir spurningar sem snúa að sínum stefnumálum og vera tilbúnir að rökræða stefnu annarra stjórnmalaflokka. Þeir eiga einnig að finna nafn á flokkinn sinn. b. Hópar D-E eiga að ákveða sín helstu hagsmunamál og undirbúa spurningar út frá þeim. c. Hópur F á að undirbúa pallborðsterlið, hvernig kjörstjórnin ætlar að stýra umræðum, hvernig kosningarnar eiga að fara fram og hvernig á að opna pallborðið.	30	Hér er mikilvægt að hvetja þátttakendur til að stíga út fyrir þægindarammann og tileinka sér hlutverkið! Þátttakendur fara eftir hlutverkakortunum en mega auðvitað spinna samhliða því. Mundu á láta hópana vita þegar það eru 5 mínútur eftir og svo 1 mínúta eftir af undirbúningstímanum.
5. Á meðan hóparnir eru að koma sér í hlutverkin, þá skal lóðsarin stilla upp herberginu á eftirfarandi hátt: a. Þrjú borð fremst, merkt stjórnmalaflokkunum b. Tveir stólar hjá stjórnmalaflokkunum fyrir kjörstjórnina c. Röð af sætum fyrir kjósendur sem snúa að borðum stjórnmalaflokkanna		
6. Þegar 30 mínútur eru liðnar þá kallar lóðsarin hópana aftur saman og vísar þeim til sæta		

Leiðbeiningar (frh.)

7. Nú tekur pallborðsumræðan við. Lóðsarinng gefur kjörstjórninni orðið og leyfir henni að stjórna framhaldinu.	30	<i>Þrátt fyrir að kjörstjórnin stýri umræðum, þá er mikilvægt að fylgjast með framvindu pallborðsins og grípa inn ef umræðan fer út fyrir mörk leiksins.</i> <i>Mundu að láta hópana vita þegar það eru 5 mínútur eftir og svo 1 mínúta eftir af pallborðsumræðunni.</i>
8. Þegar 25 mínútur eru liðnar er komið að kosningum. Kjörstjórnin útskýrir hvernig kosningunum verður háttað og leiðbeinir þátttakendum.		<i>Á meðan kosningarnar eru í gangi, þá er tækifæri til að undirbúa herbergið fyrir uppgjörsumræðuna. Raðaðu stólunum í hring til að tryggja að þátttakendur sjái framan í alla í hringnum.</i>
9. Kjörstjórnin tekur saman atkvæðin og telur þau.	10	
10. Úrslitin kynnt og fært sig yfir í uppgjörsumræður (sjá hér fyrir neðan).	20	

Uppgjörsumræða

Nú skal ræða um tilgang leiksins, hvernig hann fór fram og tengsl hans við raunveruleikann.

- ◆ Hvernig líður ykkur?
- ◆ Fannst ykkur erfitt að koma ykkur inn í hlutverkin?
- ◆ Finnst ykkur hlutverkakortin endurspeglar stefnumál stjórnmalaflokkanna á Íslandi?
- ◆ Halðið þið að fólk taki óupplýstar ákvarðanir þegar það kys?
- ◆ Finnst ykkur mikilvægt að fólk taki sér tíma til að kynna sér stefnumál þeirra sem eru að bjóða sig fram í kosningum?
- ◆ Er eitthvað sem þið mynduð gera öðruvísi í leiknum?
- ◆ Halðið þið að fólk kjósi stundum það sem aðrir segja þeim að kjósa?

Stjórn mála flokkur A

Þessi flokkur er róttækur vinstriflokkur sem leggur áherslu á velferð fyrir alla, umhverfisvernd, ríkisrekið heilbrigðis- og velferðarkerfi, jafnrétti til náms og að tryggja jöfnuð.

Áherslur stjórn mála flokks A í efnahags/velferðarmálum

Lögð er áhersla á skattkerfi sem stuðlar að jöfnuði og að í gegnum það skuli tryggja og efla velferð íbúanna. Flokkurinn leggur áherslu á þrepaskipt skattkerfi þar sem hin efnameiri eru skattlögð umfram þau tekjulægri. Í gegnum skattkerfið skuli stuðla að tekjujöfnuði og réttlátu samfélagi. Tryggja skuli heilbrigðisþjónustu fyrir alla óháð efnahag, aðstæðum og búsetu. Áhersla er á öflugra velferðarstefnu sem tryggir rétt fólks til mannsæmandi líf skjara og félagslegra réttinda.

Áherslur stjórn mála flokks A í umhverfismálum

Flokkurinn leggur áherslu á umhverfisvernd og að grípa þurfi til harðari aðgerða í loftslagsmálum. Lögð er áhersla á að umhverfið og náttúran eigi að fá að njóta vafans og að ákvarðanir sem varða umhverfismál skuli taka mið af heildrænni sýn á vistkerfi jarðar og sjálfbærni til framtíðar.

Grípa þurfi til aðgerða strax til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við Parísarsamkomulagið. Flokkurinn telur að vistkerfi jarðarinnar stafi ógn af markaðshagkerfinu og hafa þurfi að leiðarljósi félagshyggju og hringrásarhagkerfi til að tryggja framtíð í sátt við náttúruna. Í hringrásarhagkerfi er lögð áhersla á að nota hrein hráefni, nýtingu hráefna og að endurnýta eins og hægt er. Taka skuli mið af sjálfbærri þróun við fjárlagagerð og efnahagsstjórn stjórnvalda og tryggja aðkomu og þátttöku almennings að öllum ákvörðunum sem varða umhverfismál, sem og fjárhagslega stöðu frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisverndar.

Áherslur stjórn mála flokks A í málefnum innflytjenda

Flokkurinn leggur áherslu á að byggja upp fjölmenningsarsamfélag á Íslandi. Mikilvægt er að efla alla þjónustu sem tengist móttöku innflytjenda, svo sem með því að auka upplýsingagjöf til þeirra um réttindi, skyldur, atvinnu og húsnæði. Brýnt er að tryggja að innflytjendum og erlendu verkafólki sé ekki mismunað í launum eða á nokkurn annan hátt. Taka skal vel á móti innflytjendum, ekki síst þeim sem flýja örbirgð og stríð í heimahögum sínum. Taka skuli á móti fleira flóttafólki og taka betur á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd, meðal annars með því að auka aðgengi þeirra að nauðsynlegri þjónustu, auka réttindi þeirra og bæta aðstæður.

Stjórn mála flokkur B

Þessi flokkur er frjálsslyndur mið-hægri flokkur, sem leggur áherslu á markaðsfrelsi, atvinnu- og einstaklingsfrelsi, fjölmenningu og sjálfbærni í umhverfismálum.

Áherslur stjórn mála flokks B í efnahags/velferðarmálum

Markmið efnahagsstefnu er að styðja við virka samkeppni, nýsköpun og hagvöxt. Til að tryggja hagsmuni almennings skulu ábyrgð, stöðugleiki og langtímamarkmið vera skýr í efnahagsstefnu stjórnvalda. Flokkurinn leggur áherslu á aukið frelsi í viðskiptum, að markaðslausnir séu nýttar í þágu almennings og að dregið sé úr samkeppnishindrunum í atvinnulífinu. Viðskiptafrelsi og markviss efnahagsstjórn eru talin undirstaða efnahagslegra framfara, aukinni framleiðni og aukningu kaupmáttar. Ná skuli fram hagræði í opinberri þjónustu, svo sem í heilbrigðis- og menntakerfinu, með einkarekstri og markaðslausnum þar sem þeim verður viðkomið. Flokkurinn vill forgangsraða í ríkisfjármálum í þágu fjárfestingar í heilbrigðismálum. Stefna skuli að fjölbreyttu rekstrarformi í heilbrigðis- og velferðarkerfinu í þágu almennings. Velferðarkerfið skuli stuðla að því að allir hafa möguleika til vinnu og geti nýtt hæfileika sína til fulls og lögð er áhersla á fjölskylduvænt samfélag.

Áherslur stjórn mála flokks B í umhverfismálum

Flokkurinn leggur áherslu á að efla skuli samvinnu í umhverfisvernd á milli einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera. Samræma þurfi vernd og nýtingu lands og náttúruauðlinda til atvinnulífs, samgangna, orkuvinnslu og annarrar starfsemi til að tryggja langtímahagsmuni Íslands. Náttúruauðlindir ætti að nýta á sjálfbæran hátt sé þess kostur og að setja skuli á markaðstengt afnotagjald fyrir nýtingu auðlinda í almannaeigu. Ákvarðanir um óafturkræfa ráðstöfun umhverfis og auðlinda eigi að byggjast á heildstæðu mati á þjóðhagslegum ávinningi og afleiðingum. Flokkurinn styður skuldbindingar Íslands á sviði loftslagsmála í samræmi við Parísarsamkomulagið. Efla þurfi samvinnu milli einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera um nýtingu auðlinda. Taka skuli tillit til sjónarmiða um náttúruvernd þannig að saman fari heilbrigð samkeppni og hagsæld og að nýta skuli náttúruauðlindir með ábyrgum hætti samhliða öflugri náttúruvernd. Tryggja þurfi að flutningskerfi raforku svari þörfum atvinnuuppbyggingar um allt land og að nýta skuli orkuna vel.

Áherslur stjórn mála flokks B í málefnum innflytjenda

Flokkurinn vill vinna að því að fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eigi greiðari leið að vinnu og búsetu á Íslandi og að bæta þurfi rétt útlendinga til að stunda nám hér á landi. Fræða verði innflytjendur um réttindi þeirra á vinnumarkaði og að sporna þurfi við að brotið sé á rétti þeirra. Stjórnvöld þurfi að axla sína ábyrgð með móttöku flóttafólks í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir og að stytta þann tíma sem málsmeðferð þeirra tekur sem sækja um alþjóðlega vernd. Ríkinu beri að aðstoða þá innflytjendur, sem hafa færi á að setjast hér að, að læra íslenska tungu.

Stjórn mála flokkur C

Þessi flokkur er íhaldssamur hægriflokkur sem leggur áherslu á markaðs- og viðskiptafrelsi, lítil ríkisafskipti, þjóðleg gildi og einkarekstur í heilbrigðiskerfinu.

Áherslur stjórn mála flokks C í efnahags/velferðarmálum

Flokkurinn leggur áherslu á markaðs- og viðskiptafrelsi, einfalt regluverk og sem minnst afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu. Lögð er áhersla á frjálsa samkeppni í atvinnulífinu, þar með talið í fjármála-, heilbrigðis-, og menntakerfinu. Mikilvægt er að ríkið tryggji rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnanna á sama tíma og gætt er að hagræðingu. Horft verði til fjölbreyttari rekstrarforma og stuðlað að nýsköpun. Tryggja þarf vernd íslensks landbúnaðar ásamt því að tryggja samkeppnishæfni landbúnaðarins á alþjóðavísu. Stuðla skal að aukinni atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja, ásamt því að tryggja afkomu eldri borgara af lífeyrissparnaði sínum. Skattaumhverfi fyrirtækja á ekki að vera þeim íþyngjandi og ríkinu ber að stuðla að því að íslensk fyrirtæki séu samkeppnishæf á alþjóðamarkaði. Flokkurinn telur að skattar, bæði á heimili og fyrirtæki, séu of háir á Íslandi og séu sérstaklega íþyngjandi fyrir fyrirtækin. Þess vegna þurfi að endurskoða skattkerfið með það fyrir augum að einfalda það og lækka heildarskatthlutfall. Flokkurinn leggur sérstaka áherslu á að innlend landbúnaðarframleiðsla og sjávarútvegur séu meðal grunnstoða samfélagsins sem ber að tryggja til framtíðar. Leiðrétt þurfi kjör bænda og stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og samgangna til sjávar og sveita.

Áherslur stjórn mála flokks C í umhverfismálum

Flokkurinn leggur áherslu á umhverfisvernd, verndun sérstæðrar náttúru Íslands og sjálfbærni í samvinnu við atvinnulífið í landinu, þá skuli virkja ábyrgð einstaklingsins við að gera átak í umhverfismálum. Skynsamleg og hagkvæm nýting náttúruauðlinda er best tryggð með því að nýtingar- og afnotaréttur sé í höndum einkaaðila. Huga þurfi að náttúruperlum landsins og heimila gjaldtöku til að vernda og stýra aðgangi ferðamanna að viðkvæmum svæðum og fjármagna viðhald og uppbyggingu. Leitast skuli við að nýframkvæmdir og mannvirki falli sem best að umhverfi sínu. Nauðsynlegt sé í umhverfismálum að líta til heildaráhrifa á bæði efnahag þjóðarinnar sem og á heimsvísu við ákvarðanatöku um nýtingu auðlinda. Eitt mikilvægasta skrefið í umhverfisvernd sé að efla rannsóknir á sviði umhverfisverndar áður en stjórnvöld taki veigamiklar ákvarðanir um skipulag og uppbyggingu atvinnulífs.

Áherslur stjórn mála flokks C í málefnum innflytjenda

Stjórnvöld þurfa að tryggja aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi, meðal annars með því að huga að námi barna af erlendum uppruna og íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna. Dyflnarreglugerðin verður áfram mikilvæg stoð í málefnum útlendinga sem koma til Íslands. Mikilvægt er að hraða afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og leita leiða til að koma í veg fyrir tilhæfulausar umsóknir. Ekki má láta það gerast að hingað komi fólk frá öruggum ríkjum í þeim tilgangi að misnota réttindi fólks sem er að á flótta frá raunverulegri neyð. Tryggja skal að starfsfólk af erlendum uppruna njóti sömu kjara og aðbúnaðar og Íslendingar, en með því er staðinn vörður bæði um kjör erlends og innlends vinnuafis. Breyta þarf regluverki svo sérfræðilekking fólks af erlendum uppruna nýtist í auknum mæli á vinnumarkaði.

Fólk sem býr á landsbyggðinni

Þau sem tilheyra þessum hópi geta verið mjög ólík innbyrðis þegar kemur að hugmyndafræði (t.d. vinstri-hægri) og málefnaáherslum. Í hópnum er fjöldi atvinnurekenda, bæði stórra og lítilla fyrirtækja. Þetta er fólk sem er komið á miðjan aldur, búið að koma sér fyrir í lífinu, er með öruggar tekjur (milli tekjur eða háar tekjur), býr í eigin húsnæði, rekur tvo bíla (þar sem a.m.k. annar þeirra er rafmagnsbíll), fer í sólarfrí til útlanda einu sinni á ári og skreppur í tvær til þrjár stuttar borgarferðir þess á milli. Þessi kjósendahópur getur spannað allan skalann frá vinstri til hægri, eða frá frjálslyndi til íhaldssemi. Hluti hópsins leggur áherslu á mikilvægi þess að vernda landsbyggðina fyrir ágangi höfuðborgarinnar og að grunnstoðir landbúnaðar og sjávarútvegs verði tryggðar. Þau sem tilheyra þessum kjósendahópi geta t.d. hafa verið uppalin á landsbyggðinni eða búa þar, en eitt af því sem þau eiga sameiginlegt er að þeim er mikilvægt að hafa í heiðri íslenska sögu og menningu, að staðinn verður vörður um íslenska tungu og að Ísland haldi sínu sjálfstæði gagnvart erlendum ríkjum. Hópurinn er ekkert sérstaklega hlynntur því að auka fjölda innflytjenda, en telja að þau sem hingað koma beri að aðlagast að íslenskum siðum og venjum. Þessi kjósendahópur sættir sig við að borga sína skatta, en myndi gjarnan vilja borga lægri skatta, sér í lagi þau sem eru atvinnurekendur. Þau hallast að markaðs- og viðskiptafrelsi, en hópurinn er þó ekki einhlítur hvað það varðar (sum þeirra leggja t.d. áherslu á að ríkið tryggi jöfnuð og gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu fyrir alla). Þau styðja umhverfisvernd, flokka rusl og kaupa ýmsar vistvænar neysluvörur sem eru mun dýrari en hefðbundnar vörur.

Fólk sem býr á höfuðborgarsvæðinu

Þau sem tilheyra þessum hópi geta verið mjög ólík innbyrðis þegar kemur að hugmyndafræði (t.d. vinstri-hægri). Það sem þessi hópur á sameiginlegt er róttækni og vilji fyrir kerfisbreytingum. Hópurinn hefur áhyggjur af spillingu í íslenskum stjórnmálum, er ósáttur með hvernig málefnum er háttað nú og hvernig lýðræðið virkar á Íslandi. Hópurinn vill gjarnan auka aðkomu almennings á ákvarðanatöku og leggur áherslu á uppbygginu atvinnulífs, velferðarkerfis og stjórnsýslu.

Kjósendahópurinn getur haft skiptar skoðanir á því hvað beri að gera í málefnum innflytjenda.

Hluti af honum vill gjarnan vernda íslenskt velferðarkerfi gagnvart ágangi innflytjenda, umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks, á meðan annar hluti kjósendahópsins styður fjölmenningu og telja að innflytjendur geri Ísland að betri stað til að búa á.

Í umhverfismálum er þessi kjósendahópur verulega hallur undir öflugra umhverfisvernd á öllum sviðum mannlífsins og að ríkinu beri að grípa til aðgerða í umhverfismálum tafarlaust.

Kjósendahópurinn getur verið mjög sundurleitur hvað varðar afstöðu þeirra til velferðarmála og viðskipta- og markaðsfrelsis.

Kjörstjórn

Kjörstjórnin samanstendur af hlutlausum einstaklingum sem vilja styrkja lýðræði og upplýsta ákvarðanatöku. Það er þeim hjartans mál að skipuleggja pallborðið vel og faglega.

Hvað eigið þið að gera?

Þið gegnið lykilhlutverki í öllum leiknum. Það er mikilvægt að vera búin að hugsa út í allt ferlið áður en þið farið að stýra umræðunum. Þið hafið nokkuð frjálsar hendur með skipulagningu pallborðsins, en þó þurfið þið að fá fulltrúa flokkanna til að fara með stutta framsögu í byrjun pallborðsins. Munið að stíga út fyrir þægindarammann, tileinka ykkur hlutverkið og hafa kurteisi að leiðarljósi.

Hafið í huga að vera búin að undirbúa:

- ◆ Hvernig ætlið þið að opna pallborðið
- ◆ Hvort þið ætlið að skiptast á að stýra umræðum
- ◆ Hvernig ætlið þið að stýra umræðum
- ◆ Hvernig ætlið þið að taka við spurningum úr sal
- ◆ Hvernig eiga kosningarnar að fara fram
T.d. ættuð þið að hafa aðgang að kjörkassa og atkvæðaseðlum
- ◆ Hvernig ætlið þið að kynna úrslitin
Hvort þið séuð með einhverjar spurningar fyrir hópana um þeirra áherslumál sem þið hafið kynnt ykkur

Efni til dreifingar:

Leiðbeiningar fyrir stjórnmalaflokka

Hvað eigið þið að gera?

Kjósendurnir eru óvissir með hvað þeir eiga að kjósa og þið eigið að sannfæra þá um að kjósa ykkur! Þið eigið að undirbúa stutta framsögu um helstu stefnumál ykkar og undirbúa spurningar og svör um það sem þið leggið áherslu á. Einnig eigið þið að vera tilbúin að rökræða stefnu annarra stjórnmalaflokka sem eru ekki samstíga ykkur. Munið að stíga út fyrir þægindarammann, tileinka ykkur hlutverkið og hafa kurteisi að leiðarljósi.

Leiðbeiningar fyrir kjósendur

Hvað eigið þið að gera?

Þið eruð óvissir kjósendur!

Þið vitið ekki alveg hvað þið eigið að kjósa svo núna er tíminn til að kynna sér stefnumál flokkan-na. Til þess að tryggja að allir kjósendur taki upplýsta ákvörðun á kjördag eigið þið að undirbúa spurningar um áherslumálin ykkar. Einnig eigið þið að vera tilbúin að spyrja óundirbúinna spurn-inga í kjölfar málflutnings frambjóðendanna. Þið megið auðvitað vinna út frá textanum á hlutver-kakortinu ykkar, ákveða hvort þið farið dýpra ofan í málin eða setjið fram annað sjónarhorn á málefnin. Það er þó mikilvægt að textinn í hlutverkakortinu ykkar sé grunnurinn að afstöðu ykkar í málefnum. Munið að stíga út fyrir þægindarammann, tileinka ykkur hlutverkið og hafa kurteisi að leiðarljósi.

Hlutdræg miðlun

Byggt á: Education Pack: All Different – All Equal

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Þið ætlið að skoða mismunandi gerðir af fjölmiðlum og skoða hvernig greint er frá atburðum, hvort að gerð fjölmiðils og aðrir þættir hafi áhrif á frásögn hans.
Hópstærð	10-25
Tími (til viðmiðunar)	150 mínútur + vika í vettvangsvinnu
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að greina hvort að til staðar séu staðalímyndir og fordómar gagnvart fólki sem kemur t.d. frá annars konar menningu, uppruna og aðstæðum • Að vera meðvitaður um staðalímyndir og fordóma sem fyrirfinnast í samfélaginu • Að greina hvort og hvaða hlutverk fjölmiðlar hafa þegar kemur að myndun og viðhaldi staðalímynda og fordóma
Efniviður og aðstaða	• Hluti 1 Flettistöflupappír og tússpennar • Hluti 2 Fer eftir gerð fjölmiðils (sjónvarp, myndband, fréttablað, tímarit, útvarp); þátttakendur ráða hvað þeir nýta sér í þessum hluta • Hluti 3 Flettistöflupappír og tússpennar
Undirbúningur	Vera viðbúin að nefna dæmi um tegundir fjölmiðla

Leiðbeiningar

Ekki verður gefinn upp viðmiðunartími fyrir hvern lið. Miða skal við að hluti 1 taki um 60 mínútur og að hluti 2 sé í gangi yfir eina viku og loks að hluti 3 taki um 90 mínútur.

Hægt er að breyta leiknum á ýmsa vegu:

Það má stytta leikinn og taka alla þrjá hlutana saman.

Þá er best að láta þátttakendur skoða fjölmiðla í stuttan tíma (10-20 mín).

Í skrefi fjögur í hluta 1 er hægt láta hópana fá ákveðna gerð fjölmiðils, t.d. getur einn hópur greint fréttamyndbönd og annar getur greint útvarpsþætti.

Ef stytta á leikinn þá er kjörið að láta hópana fá ákveðna gerð fjölmiðils til að fá betri greiningu.

	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
Hluti 1 - Undirbúningur	
1. Lóðsarin skiptir þátttakendum í hópa (4-6 einstaklingar í hóp).	
2. Lóðsarin útskýrir að út vikuna eiga þátttakendur að greina fjölmiðla: Sjónvarp, útvarp og skriflegar fréttir til að kanna hvernig sagt er frá atburðum og hvernig er fjallað um mismunandi hópa samfélagsins.	
3. Lóðsarin og þátttakendurnir eiga að ræða hvað það er sem þátttakendur eiga að veita athygli og vera meðvitaðir um t.d. orðræðu (málfar - hvernig er greint frá fréttum og hvaða lýsingarorð eru notuð), hversu mikinn tíma hver frétt fær í útsendingu, fyrirsagnir fréttar og hvernig er greint frá mismunandi hópum samfélagsins. Þátttakendur eiga einnig að skoða og greina hvernig myndir fylgja fréttum.	
4. Lóðsarin skrifar niður á flettitöflublað gerð fjölmiðlaefnis sem þátttakendur geta nýtt sér, t.d. hlaðvörp, sjónvarps- og útvarpsefni, prentmiðla og netmiðla. Hver hópur á að koma sér saman um hvers konar fjölmiðla þeir ætla að kanna út frá samantekt lóðsarans.	Hér er einnig hægt að leyfa þátttakendum að greina erlenda fjölmiðla.
5. Næst skal lóðsarin biðja þátttakendur að taka saman greiningar sínar og vera með þær tilbúnar næst þegar þeir hittast.	
Hluti 2 – Vettvangsvinna	
1. Lóðsarin gefur þátttakendum viku til að greina fjölmiðla.	
Hluti 3 – Niðurlag	
1. Lóðsarin biður hópana um að skoða greininguna sína og skrifa helstu niðurstöður á flettitöflupappír.	
2. Næst skal lóðsarin biðja hópana um að kynna sínar niðurstöður fyrir allan hópinn.	
3. Þegar kynningunum er lokið skal lóðsarin taka saman helstu punkta og undirstrika það sem var algengt í niðurstöðum hópanna, t.d. ef hópar nefndu sama atriðið.	
4. Þegar kynningarnar eru búnar skal hefja uppgjörsumræður.	

Uppgjörsumræða

Hvernig fannst ykkur að greina fjölmiðla?

Hvaða hópa samfélagsins er helst verið að fjalla um í fréttum?

Hvernig greina fjölmiðlar frá mismunandi hópum samfélagsins? Skiptir máli hvaða hópur er til umræðu eða hverju er verið að greina frá?

Hversu áreiðanlegar eru fréttir?

Hvað einkennir að ykkar mati áreiðanlegar fréttir?

Er hægt að vera alveg hlutlaus?

Er einhver ákveðin tegund fréttar líklegri til að vera áreiðanleg en aðrar?

Hvernig eru fréttir uppbyggðar? Eru staðreyndir hafðar að leiðarljósi eða eru upplýsingar misvísandi?

Er munur á fjölmiðlum og hvernig er greint frá atburðum?

Geta fjölmiðlar verið alveg hlutlausir?

Hvert atkvæði skiptir máli

Byggt á: Litli Kompás: Handók um mannréttindamenntun fyrir börn

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Lýðræði, hvernig skiljum við það og hvernig nýtum við það í okkar nærumhverfi? Í þessum leik ætlum við að fara yfir lýðræðislegar aðferðir við ákvarðanatöku og hvernig er hægt að beita þeim í mismunandi aðstæðum. Í lokin munum við síðan æfa það sem við lærðum með því að halda kosningar.
Hópstærð	10-30
Tími (til viðmiðunar)	2x30 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að skilja hvað felst í réttmætum og lýðræðislegum kosningum • Að æfa sig í að halda réttmætar kosningar • Að fræðast um hvernig lýðræðislegar kosningar fara fram • Að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að öll taki þátt
Efniviður og aðstaða	• Ljósrita stöðublaðið fyrir hvern hóp • Ljósrita hlutverkakortin og klippa þau út
Undirbúningur	• Stöðublað fyrir hvern hóp • Blað og blýantar fyrir kosningarnar

Leiðbeiningar

Ekki verður gefinn upp viðmiðunartími fyrir sérhvern lið. Gott er þó að miða við að fyrri hluti leiksins sé 30 mínútur og seinni hlutinn sé 30 mínútur. Í fyrri hluta leiksins fara fram umræður um hvers konar lýðræði þátttakendum finnst æskilegt. Í seinni hlutanum fara fram umræður um hvernig þróa megi lýðræðiskerfi sem tryggir að fólk geti haft áhrif í sínu nærumhverfi.

	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
Hluti 1		
1. Lóðsarinna segir þátttakendum að Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu Þjóðanna, sem íslensk stjórnvöld hafa skrifað undir, tryggir öllum réttinn „til að taka þátt í stjórn lands síns, beinlínis eða með því að kjósa til þess fulltrúa í frjálsum kosningum“. Enn fremur kemur fram að „vilji þjóðarinnar skuli vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar. Skal hann látinn í ljós með reglubundnum, óháðum og almennum kosningum“. Með frjálsum kosningum er átt við að öll þau sem hafa kosningarétt er frjálst að kjósa hvern af þeim sem eru í framboði sem sína fulltrúa. Í frjálsum kosningum er jafnframt gert ráð fyrir því að þær séu leynilegar sem þýðir að enginn á rétt á því að fá að vita hvað hver og einn kys. Næst skal lóðsarinna spyrja þátttakendur hvað þeir haldi um eftirfarandi atriði: a. Af hverju skiptir máli að kosningar séu leynilegar? b. Hvers vegna eiga kosningar að vera frjálsar? c. Hverjir mega kjósa? d. Hvaða merkingu hefur það fyrir einhvern að vera „þinn fulltrúi“? e. Hvaða skyldum gegnir sá sem er „þinn fulltrúi“? f. Nefnið einhverja sem eru fulltrúar fólksins á landsvísu? Hvað með fulltrúa fólksins á þínu sveitarfélagi? Ef við á, hvað með í þínum skóla?	2	
2. Lóðsarinna bendir þátttakendum á að þótt þeir séu ekki komnir með kosningarétt í Alþingiskosningum eða öðrum sambærilegum kosningum þá geti þeir tekið þátt í ýmskonar kosningum um ákvarðanir sem snerta þau, t.d. í sínum skóla, á vinnustað eða á öðrum vettvangi. Næst skal lóðsarinna leiða þau inn í umræðu um sína möguleika á að fá að kjósa sinn fulltrúa.		

Leiðbeiningar (frh. 1)

	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
2. (frh.) a. Getið þið nefnt aðstæður þar sem þið hafið áhrif á ákvarðanir og/eða atkvæði? b. Er um frjálsar kosningar að ræða? c. Eru þær leynilegar? d. Fá öll að kjósa eða hafa áhrif á ákvarðanir? e. Hver ákveður um hvern eða hvað er valið eða kosið?		
3. Lóðsarinn útskýrir fyrir þátttakendum að þessi leikur er um lýðræðislegar aðferðir við ákvarðanatöku. Lóðsarinn skiptir þátttakendum í hópa þar sem jafnmargir eru í hverjum hóp eða um það bil fimm eða sex einstaklingar. Lóðsarinn afhendir hverjum hópi stöðublað og lætur a.m.k. tvo hópa vinna út frá sömu aðstæðum (sjá hér fyrir neðan undir „Efni til dreifingar“). Gæta skal þess að tveir hópar fái E-stöðuna, sem síðar mun verða notuð í hermíleik. Lóðsarinn bendir á spurningarnar neðst á síðunni og útskýrir öll hugtök sem kunna að virka framandi.		<i>Einnig er hægt að láta alla hópana fá E-stöðuna til að sýna hve margar lausnir eru á sömu aðstæðum, sem og samningaferlið sem er í 5. lið hér á eftir.</i>
4. Þegar þátttakendur hafa fengið tíma (um 15–20 mínútur) til að undirbúa sig í litlum hópum, skal lóðsarinn biðja hvern hóp að gera grein fyrir aðstæðum sínum og því ákvarðanatökufæri sem þau hafa skipulagt út frá þeim. Gæta skal að hóparnir sem fengu E-stöðuna segja síðast frá. Að hverri kynningu lokinni skal lóðsarinn biðja þátttakendur að gagnrýna áætlunina: a. Er hún lýðræðisleg? b. Hafa öll sem málið snertir fengið möguleika á að segja sitt álit? c. Er áætlunin sanngjörn? d. Vita öll sem kjósa hvað þau eru að kjósa?		
5. Þegar allar aðstæður hafa verið kynntar skal lóðsarinn biðja þátttakendur að beina athyglinni að stöðu E. Lóðsarinn segir að þátttakendurnir eigi að kjósa um hvað gera skuli við þær aðstæður. Til þess þurfa öll að vera sammála um hvaða leið skuli farin við ákvörðunartökuna. Lóðsarinn segir þeim að bera saman áætlanirnar sem gerðar voru vegna E-stöðunnar: a. Að hvaða leyti eru áætlanirnar líkar? Þarf að kjósa um þær sem samkomulag er um? b. Að hvaða leyti eru þær ólíkar? Hvaða hugmynd mun virka best? Hverja þeirra ættum við að nota?		

	Tími í mínútum (u.p.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
6. Á meðan þátttakendur eru að velja sér áætlun skal lóðsarinna skrifa ákvarðanir þeirra á blað, ræða um þær og spyrja spurninga á borð við þessar: a. Vantar eitthvað í nýju áætlunina um E-stöðuna? b. Haldið þið að hún verði lýðræðisleg?		
Hluti 2		
1. Lóðsarinna minnir þátttakendurna á 1. hluta og staðreyndirnar í E-stöðunni. Lóðsarinna kynnir aftur áætlunina sem gerð var í 1. hluta og segir þeim að áætlunin þeirra verði prófuð með því að kjósa um E-stöðuna.		
2. Næst skal lóðsarinna dreifa hlutverkakortunum og útskýra fyrir þátttakendunum hvernig hermíleikurinn fer fram: a. Kosningastjórinn mun biðja þrjá talsmenn um að segja sitt álit b. Kosningastjórinn mun síðan biðja áheyrendur að spyrja spurninga og að segja sitt álit c. Kosningastjórinn spyr síðan hvort að öll séu tilbúin til að greiða atkvæði og útskýrir hvað þarf til að vinna kosningarnar samkvæmt áætlun hópsins (t.d. einfaldan meirihluta, eða annað hlutfall atkvæða) d. Kosningafulltrúinn mun síðan biðja alla að greiða atkvæði samkvæmt aðferðinni sem hópurinn valdi; kosningafulltrúinn og kosningastjórinn munu safna saman atkvæðunum og telja þau e. Kosningafulltrúinn tilkynnir niðurstöðu atkvæðatalningar; ef hún er gild tilkynnir kosningastjórinn hver ákvörðun hópsins er; ef hún er ógild tilkynnir kosningastjórinn að endurtaka þurfi atkvæðagreiðsluna. f. Ef endurtaka þarf atkvæðagreiðsluna útbýr kosningafulltrúinn nýja atkvæðaseðla og ferlið er endurtekið samkvæmt E-liðnum hér fyrir ofan.		<i>Ef hópurinn er stór: Fáðu fleiri talsmenn með aðrar skoðanir til að taka þátt í umræðunum.</i> <i>Hér er einnig hægt að bæta við hlutverkum!</i>
3. Þegar þessum hluta er lokið, skal hefja uppgjörsumræður.		

Uppgjörsumræða

Teljið þið að atkvæðagreiðslan í hermíleiknum hafi verið frjál, leynileg og lýðræðisleg?

Hvað felst í lýðræðislegri ákvarðanatöku?

Fannst ykkur þetta verkefni endurspegla raunverulegar aðstæður?

Hvernig eru ákvarðanir eins og þessar venjulega teknar? Fá allir að hafa áhrif eða að kjósa?

Eru ákvarðanir í ykkar nærumhverfi yfirleitt teknar á lýðræðislegan hátt?

Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Hvers vegna teljið þið að rétturinn til að taka þátt í stjórn landsins, annað hvort beinlínis eða með því að kjósa, sé svo mikilvægur að hann teljist til mannréttinda?

Hvað myndi gerast ef einhver þátttakandi í hermíleiknum neitar að greiða atkvæði?

Hvað gerist ef fólk nýtir ekki rétt sinn til að taka þátt í stjórn landsins (beint eða óbeint)?

Hvers vegna er mikilvægt að standa vörð um mannréttindi?

Hvaða kringumstæður geta leitt til þess að fólk tekur ekki þátt eða hefur ekki aðkomu að ákvörðunum sem það varðar?

Er eitthvað hægt að gera til að greiða leið fólks að ákvarðanatöku?



Efni til dreifingar: Fimm mismunandi aðstæður

Staða A

Vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna í byrjun skólaársins þurfti allt skólahald að færast í fjarnám. Nemendur þurfa að mæta í tíma í gegnum fjarfundar-búnað og ekkert staðnám hefur átt sér stað. Nýlega var hægt að færa allt skólahald í staðnám og því hafa nemendur verið að mæta í skólann síðustu 3 vikur. Nú vill helmingur af bekknum halda áfram að vera í fjarnámi en hinn helmingurinn vill vera í staðnámi. Hvernig ákveðið þið á lýðræðislegan hátt hvernig náminu verði háttað?

Staða B

Nemendur skólans hafa verið að ræða skyldumætingu í tíma. Sumir eru fylgjandi skyldumætingu og finnst það tryggja betri skólagöngu og þátttöku nemenda. Öðrum finnst ósanngjarnt að skylda nemendur til að mæta og finnst það ekki nútímalegt að hafa skyldumætingu. Hvernig ákveðið þið á lýðræðislegan hátt hvort það verði skyldumæting í skólanum?

Staða C

Nýlega hefur verið leitt í lög að stytta skuli skólavikuna um einn dag í viku og skólarnir beðnir um að taka ákvörðun í samráði við nemendur um hvaða vikudagur verður fyrir valinu. Nemendur skólans eru ekki sammála um hvaða dag eigi að velja til að stytta vikuna. T.d. vill 1/4 nemenda velja mánudag, 1/4 vill velja miðvikudag, 1/4 vill velja föstudag og restinni er alveg sama eða vita ekki hvaða dag þeir myndu vilja að yrði fyrir valinu. Hvernig er hægt að ákveða með lýðræðislegum hætti hvaða vikudag á að velja til að stytta skólavikuna?

Staða D

Nemendur skólans eru að ræða um hvort afnema eigi lokapróf og hafa þess í stað símat. Sumir eru fylgjandi því. Öðrum finnst það óraunhæft og ósanngjarnt. Skólameistarinn segir að nemendurnir eigi sjálfir að taka ákvörðun um þetta. Það eru 350 nemendur í skólanum. Hvernig er hægt að taka þessa ákvörðun á lýðræðislegan hátt?

Staða E

Hópurinn þinn hefur fengið um 50.000 krónur að gjöf til að nýta í skólastarfið og þið þurfið að taka ákvörðun um hvernig peningunum skuli varið. Sumir vilja gefa nemendafélaginu peninginn. Aðrir vilja fara í námsferð út á land. Enn aðrir vilja bæta tækin í skólanum. Einn vill leggja upphæðina til hliðar sem neyðarsjóð ef upp koma óvæntar aðstæður í skólastarfinu. Annan langar til að keypt verði rafmagnshljómborð. Það eru 30 einstaklingar í hópnum. Hvernig ákveðið þið á lýðræðislegan hátt hvernig peningunum skuli varið?

Efni til dreifingar: Hlutverkakort í kosningum um stöðu E

Kosningastjóri

Þú ert kosningastjóri.
Þú skipuleggur kappræðurnar, útskýrir hvað þarf til að vinna kosningarnar og aðstoðar við talningu atkvæða.
Ef endurtaka þarf kosningarnar skipuleggur þú þær einnig.

Kosningafulltrúi

Þú ert kosningafulltrúinn.
Þú útbýrð atkvæðaseðla, skipuleggur kosningarnar, telur atkvæðin og tilkynnir úrslitin.
Ef endurtaka þarf kosningarnar skipuleggur þú þær einnig.

Talsmaður A

Þú ert talsmaður tiltekins sjónarmiðs.
Þér finnst að nemendafélagið ætti að fá peninginn.
Nefndu rök fyrir því.

Talsmaður B

Þú ert talsmaður tiltekins sjónarmiðs.
Þér finnst að eyða eigi peningunum í nýja leiki og búnað.
Nefndu rök fyrir því.

Talsmaður C

Þú ert talsmaður tiltekins sjónarmiðs.
Þér finnst að nota eigi peningana í námsferð fyrir nemendur.
Nefndu rök fyrir því.

Látum allar raddir hljóma

Byggt á: Kompás: Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Menntun, hvernig höfum við áhrif á hana og mætir hún þörfum okkar? Í þessum leik ætlum við að fara yfir jákvæðar og neikvæðar hliðar menntunar og þróun lýðræðisskerfa sem tryggja að við getum haft áhrif á menntun okkar.
Hópstærð	8-50
Tími (til viðmiðunar)	120 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að skoða menntakerfið og hvernig það þjónar þörfum fólks • Að efla færni til að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum í skólum, tómstundaklúbbum og öðru félagsstarfi • Að stuðla að jafnræði í tækifærum til þátttöku allra
Efniviður og aðstaða	• Fjórar stórar pappírsarkir eða flettistöflupappír og pennar fyrir hvern fjögurra manna hóp • Rissblöð til að þátttakendur geti skrifað niður athugasemdir og annað
Undirbúningur	Prenta út SVÓT -kortin, eitt kort fyrir hvern hóp

SVÓT stendur fyrir:

Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri

Leiðbeiningar

Ekki verður gefinn upp viðmiðunartími fyrir hvern lið.

Gott er þó að miða við að fyrri hluti leiksins sé 35 mínútur og seinni hlutinn 65 mínútur.

Í fyrri hluta leiksins fara fram umræður um hvers konar lýðræði þátttakendum finnst æskilegt.

Í seinni hlutanum fara fram umræður um hvernig þróa megi lýðræðiskerfi sem tryggji að fólk geti haft áhrif á nærumhverfi sitt.

	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
Hluti 1 Hvers konar menntun finnst okkur æskileg?	
1. Lóðsarinn byrjar á stuttum almennum umræðum um þann skilning sem þátttakendur leggja í hugtakið „menntun“. Lóðsarinn útskýrir að menntun er ekki einungis sú sem fer fram innan skóla heldur einnig öll sú reynsla og þekking sem verður til utan veggja skóla. Gera skal þáttakendum grein fyrir því að samkvæmt mannréttindakafla Stjórnarskrár Íslands skuli öllum vera tryggður réttur til menntunar og fræðslu við hæfi.	
2. Næst er hugmyndavinna. Lóðsarinn reynir að fá sem flestar hugmyndir um jákvæðar og neikvæðar hliðar menntunar, bæði formlegrar og óformlegrar, og skrifar lykilorðin á flettistöflublaðið.	
3. Lóðsarinn fer lauslega yfir lykilorðin og biður þátttakendur um að velta fyrir sér hvers vegna menntakerfið er eins og það er.	<i>T.d. vegna námskrár, nemendafjölda og reglna í skólum.</i>
4. Næst skal lóðsarinn biðja þátttakendur að mynda litla hópa eða skipta þeim í hópa (4-5 saman). Gefðu þeim 15 mínútur til að meta rétt þeirra til formlegrar menntunar og gildi þess.	<i>Dæmi um spurningar til að byrja umræðuna í minni hópum:</i> <i>Hafa allir aðgengi að formlegri menntun?</i> <i>Ef ekki, hverjir eru undanskildir?</i> <i>Gefur námskráin öllum námsmönnum tækifæri á að þróa persónueiginleika sína og færni sem nýtist seinna í lífinu?</i> <i>Er meginmarkmið menntakerfisins að mennta vinnuafli eða að þjálfa fólk í gagnrýnni hugsun?</i>

5. Næst skal lóðsarin kalla hópana saman og bjóða þátttakendum að deila því með öðrum sem rætt var innan þeirra hóps.

Hluti 2 Þróun lýðræðisskerfa sem tryggja að fólk geti haft áhrif á menntun sína

1. Lóðsarin spyr hópinn út í það hver það er sem ákveður hvers konar menntun fólk fær.

2. Lóðsarin biður þátttakendur um að skipta sér aftur í hópana sem voru myndaðir í fjórða skrefi í hluta 1. Lóðsarin segir hópnum að skoða hvernig ákvarðanatöku fer fram í þeirra eigin skóla, háskóla eða félagi. Hver ákveður til dæmis hvað er kennt eða hvaða verkefni eru unnin? Hvernig er skólanum, háskólanum eða klúbbum stjórnað? Hvernig eru ákvarðanir um fjárhagsáætlun og/eða ráðstöfun fjármuna teknar? Hvernig eru stefnumál mótuð og ákveðin? Hve mikil áhrif hefur unga fólkið?

3. Lóðsarin bendir þátttakendum á að hafa í huga að samkvæmt mannréttindakafla stjórnarskrárinnar beri að tryggja almenna menntun og fræðslu fyrir alla. Næst skal lóðsarin biðja þátttakendur jafnframt að hafa í huga rétt einstaklinga til að taka þátt í ákvörðunum um málefni sem snerta þá beint.

4. Næst skal lóðsarin biðja hópana að hugleiða bæði jákvæða og neikvæða þætti þess að lýðræðislega kosnir fulltrúar taki ákvarðanir um t.d. menntun þeirra, félagslíf og annað.

Sem dæmi má nefna nemendaráð/nemenda félög í skólum eða nefndir innan frjálsra félagasamtaka sem taka slíkar ákvarðanir.

5. Næsta stig er háð því hverjar aðstæður hópsins eru. Ef ekkert nemendafélag eða neitt því sambærilegt (t.d. ráð eða nefnd) er í skólanum ættu hóparnir að koma sér saman um hvers konar félag væri æskilegast og hvernig ætti að koma því á fót. Ef nemendafélag eða sambærilegt félag er starfandi ættu þátttakendur að kanna hvernig félagið starfar og gera tillögur um hvernig það gæti verið skilvirkara. Lóðsarin kennir þátttaendum að gera svokallaða SVÓT-greiningu (Hægt að nýta SVÓT-kortið: „Til hvers er neendafélag?“) og segir þeim að þeir fái 30 mínútur til að gera aðgerðaráætlun og skrifa hana á stórt flettistöflublað.

6. Þegar hóparnir eru búnir að gera aðgerðaráætlun og skrifa hana á stórt flettistöflublað skal lóðsarin biðja hópana um að koma saman og kynna sínar áætlanir.

7. Þegar kynningarnar eru búnar skal hefja uppgjörsumræður.

Uppgjörsumræða

Hvernig fannst ykkur leikurinn?

Var hann gagnlegur?

Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Kom eitthvað á óvart?

Hvers vegna fer ákvarðanataka fram, t.d. innan ykkar skóla, eins og raun ber vitni?

Finnst ykkur ákvarðanataka í ykkar nærumhverfi vera lýðræðisleg?

Hvernig þá?

Hvernig getið þið haft áhrif á ákvarðanatöku í ykkar nærumhverfi?

Finnst ykkur þið almennt hafa tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í ykkar nærumhverfi?

Þarf stöðugt að endurskoða fyrirkomulag á ákvarðanatökum og starfsháttum t.d. innan nemendafélaga?

Fannst ykkur aðgerðaráætlanirnar sem settar voru fram raunsæjar?

Eru nemendafélög eingöngu skemmtanafélög eða þjóna þau einhverjum öðrum tilgangi?

Ef já, þá hvaða tilgangi?

Til upplýsinga: Til hvers er nemendafélag?

Nemendafélagi er ætlað að koma fram fyrir hönd nemenda gagnvart stjórnendum skólans í málefnum sem varða þá í skólastarfinu. Það er margvíslegt sem styður þá hugmynd að stofna nemendafélög og tryggja að þau starfi á skilvirkan og lýðræðislegan hátt.

Ávinningur af því að taka þátt í nemendafélagi

Þátttaka í nemendafélagi stuðlar bæði að námsþroska og persónulegum þroska nemenda vegna þess að:

- ♦ nemendafélag eflir borgaravitund, pólitískan áhrifamátt og lýðræðisleg viðhorf
- ♦ nemendafélag eflir sjálfstraust og persónuleg lífsgildi
- ♦ nemendur læra að standa á meiningu sinni gagnvart stjórnendum
- ♦ nemendur læra að taka ákvarðanir á sanngjarnan og ábyrgan hátt
- ♦ nemendur fræðast um ýmsar staðreyndir lífsins, til dæmis hvernig vinna þarf innan tiltekinnar fjárhagsáætlunar eða með yfirvöldum.

Ávinningur af starfi nemendafélaga

lýðræðislegir stjórnunarhættir virka betur en einræðislegir því að þeir efla ábyrgðarkennd nemenda og skila því betri árangri

nemendafélög stuðla að samvinnu, virkja starfsorku og draga úr firringu meðal nemenda

nemendafélag getur bætt starfsandann í skólanum: meira traust er borið til kennara og reglur eru settar á sanngjarnari hátt

nemendafélag er kjörinn vettvangur til að nemendur sjái að starfsfólk skólans hefur tiltekin gildi í heiðri og starfar af heilindum, hver svo sem utanaðkomandi félagslegur og stjórnmálalegur þrýstingur kann að vera

Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF)

Samband íslenskra framhaldsskólanema eru hagsmunasamtök allra framhaldsskólanema á Íslandi og helsti málsvári nemenda gagnvart stjórnvöldum. Nemendafélög framhaldsskólanna eru aðildarfélög SÍF og skapa SÍF vettvang fyrir fulltrúa þeirra til að koma saman og ræða um hagsmunamál framhaldsskólanema og ákveða stefnu samtakanna í menntamálum og hagsmunamálum framhaldsskólanema.

SÍF er aðili að LUF, Landssambandi ungmennafélaga, sem eru regnhlífarsamtök fyrir félagasamtök ungs fólks hér á landi.

SVÓT- greining

SVÓT- greining er aðgerð til að greina styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri ákveðins fyrirbæris.

<i>Hvar liggja styrkleikarnir?</i>	<i>Hvar liggja veikleikarnir?</i>
<i>Hvaða ytri aðstæður eru ógnanandi?</i>	<i>Hvaða tækifæri er að finna?</i>

Sköpum tengsl

Byggt á Kompás: Handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Hér munum við kortleggja hvað hagsmunaaðilar í lýðræðisríkjum gera, hvernig þeir vinna saman og hvað þeir þurfa frá hver öðrum til að framfylgja sinni starfsemi.
Hópstærð	8-20
Tími (til viðmiðunar)	120 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að öðlast skilning á því hvernig réttindi og ábyrgð tengjast • Að skapa tilfinningu fyrir hinum flóknu tengslum milli ólíkra þátta lýðræðisins • Að stuðla að samvinnu og borgaralegri ábyrgð
Efniviður og aðstaða	• A4 blað fyrir hvern hóp til að skrifa niður glósur/athugasemdir • Ein stór pappírsörk (A3) eða flettitöflupappír fyrir hvern hóp • Þrír tússpennar, einn rauðan, einn grænan og einn bláan fyrir hvern hóp • Fjórir snæris- eða ullarhnyklar (mismunandi litur fyrir hvern hóp) • Límbandsrúlla fyrir hvern hóp • Skæri • Ljósrit af leikreglum, eitt fyrir hvern hóp
Undirbúningur	• Klipptu snæris- eða ullarhnyklana niður í 1,5 m langa spotta, 24 talsins (6 spottar af hverjum lit) • Prentaðu út 4 eintök af leikreglunum (undir „Efni til dreifingar“)

Leiðbeiningar

	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
1. Lóðsarinna segir þátttakendum að þeir eigi að kortleggja samband fjögurra hagsmunaaðila í (fyrirmyndar) lýðræðisþjóðfélagi.	5	
2. Lóðsarinna skiptir þátttakendum í fjóra jafnstóra hópa sem eiga að vera fulltrúar eftirfarandi fjögurra hagsmunaaðila í lýðræðisríki: stjórnvalda, frjálsra félagasamtaka, fjölmiðla og almennra borgara.	5	Hægt er að einfalda leikinn með því að fækka hagsmunaaðilum eða gera hann flóknari með því að hafa fleiri hagsmunaaðila.
3. Næst skal lóðsarinna gefa hverjum hópi A4 blað og penna og segja þeim að þeir fái tíu mínútur til að velja fyrir sér þessum „hlutverkum“ sínum í lýðræðisþjóðfélaginu, þ.e. hvaða starfsemi þeir gegni fyrst og fremst. Þegar tíminn er liðinn ætti hópurinn að hafa komið sér saman um fimm mikilvægustu verkefni.	10	Ef hópur á í erfiðleikum með að átta sig á sinni starfsemi, þá gæti verið gott að segja hópnum að hugsa um hvað hagsmunaaðilinn þeirra gerir og af hverju starfsemi hans er mikilvæg. Það gæti verið sniðugt að gefa þeim dæmi um starfsemi tiltekins hagsmunaaðila.
4. Næst eiga hóparnir að undirbúa starfskort. Lóðsarinna skal láta hópana fá stóra pappírsörk/stórt flettistöflublað og rauðan tússpenna og bjóða þeim að skrifa efst á blaðið hvaða hagsmunaaðili þau eru og svo undir því fimm mikilvægustu viðfangsefni sem hópurinn var sammála um.	10	
5. Lóðsarinna kallar hópana saman til að kynna starfskortin sín. Lóðsarinna gefur þeim færi á að skiptast á skoðunum. Næst skal lóðsarinna spyrja þá hvort þeir séu sammála um meginstarfsemi þessara fjögurra hagsmunaaðila. Lóðsarinna gefur hópnum færi á að breyta niðurstöðum sínum ef þeir vilja eftir þetta spjall.	15	
6. Lóðsarinna sendi hópana aftur til baka og afhendir þeim græna tússpenna. Hóparnir fá fimmtán mínútur til að velja upp hugmyndum um hvað hinir „leikhóparnir“ þurfi að gera til að þeir geti sjálfir sinnt eigin starfsemi, þ.e. hvaða kröfur þeir geri til hinna hópanna. Þegar lítið er eftir af tímanum segir lóðsarinna hópnum að velja tvær mikilvægustu kröfurnar sem þeir leggja fram til hinna hópanna. Hóparnir eiga að skrá þessar kröfur niður undir viðeigandi fyrirsögnum og nota græna tússpennann.	15	Hér getur þú minnt hópana á að vera ekki óraunsæir í kröfum sínum til hinna „hagsmunaaðilanna“! Ábyrgðarsviðið verður að vera raunhæft svo að þeir ættu ekki að setja fram ósanngjarnar eða óraunsæjar kröfur.

Leiðbeiningar (frh)


	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
7. Lóðsarinna afhendir hópunum „leikreglurnar“, rennir í gegnum þær og gætir þess að öll skilji hvað gera á næst. Lóðsarinna segir hópunum að koma með starf skortin sín inn á mitt gólf og leggja þau með eins metra millibili í ferningslaga reit (sjá skýringarmynd undir “Efni til dreifingar”). Síðan á hver hópur að stilla sér upp sem næst sínu „horni“.	10	
8. Lóðsarinna gefur hverjum hóp 6 spotta af snæris- eða ullarhnyklunum, límbandsrúllu og bláan tússpenna.		
9. Nú geta samningaviðræður hafist. Hver lota ætti að standa í tíu mínútum. Lóðsarinna minnir þátttakendur á að markmiðið sé að kortleggja samband hagsmunaaðila, þegar krafa hefur verið samþykkt skal líma spotta á milli viðkomandi starfskorta til að sýna að hagsmunaaðilinn hafi samþykkt ábyrgðina sem fylgir kröfunni.	30	<i>Þegar hóparnir hefja samningaviðræður má ekki líta á þær sem „samkeppni“ og þær mega ekki taka of langan tíma. Leggja skal áherslu á að hóparnir líti á sig sem samstarfsaðila: markmiðið er að koma á fót samfélagi þar sem allir „leikhóparnir“ vinna saman og öll eru ánægð. Því ættu viðræðurnar að ganga fremur hratt. Benda skal hópunum á að samþykkja kröfur sem virðast sanngjarnar en hafna þeim að öðrum kosti og að umdeild atriði skuli þeir fjalla um síðar.</i>
10. Í lokin hefur flókið snæris- eða ullarnet tengt alla hagsmunaaðilana fjóra saman. Lóðsarinna byrjar uppgjörs- umræðu á meðan þátttakendurnir sitja í kringum netið.	20	

Leiðbeiningar (frh.)


	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
1. Lóðsarin skiptir hópnum í tvo jafnstóra hópa, leikara og fréttamenn.	2	
2. Næst skal lóðsarin biðja annaneinn hópinn að búa til 5 mínútna leikrit sem byggist á einhverjum atburði. Þetta getur verið raunverulegur eða uppspuninn atburður sem fjallar um átök á milli tveggja hópa sem hafa ólíka lífstíla eða menningarbakgrunn. Hinn hópinn eru fréttamenn og eiga að bíða á meðan verið er að undirbúa leikritið.	15	
3. Þegar hópinn er tilbúinn, skal lóðsarin biðja fyrsta hópinn að framkvæma leikritið fyrir fréttamennina.	10	
4. Um leið og leikritið er búið, skal lóðsarin biðja fréttamennina um að yfirgefa herbergið og vinna, í einrúmi, frétt út frá leikritinu. Þeir fá fimm mínútur til að hugsa um fréttina og undirbúa sig. Fréttamennirnir mega ekki taka niður minnispunkta á meðan á leikritinu stendur eða þegar þeir eru að vinna í einrúmi.	5	<i>Hér er mikilvægt að undir- strika að fréttamennirnir eiga að vinna í einrúmi og mega ekki tala sín á milli!</i>
5. Næst skal lóðsarin bjóða einum fréttamanni í einu inn í herbergið til að greina frá atburðinum. Hver fréttamaður fær 3 mínútur til að flytja sína frétt.	20	
6. Á meðan fréttin er í gangi skal lóðsarin taka niður helstu punkta/útbúa skýrslu um frétt fréttamannsins á flettistöflublað. Þátttakendur eiga ekki að sjá flettistöflublaðið. Endurtaktu þetta fyrir hverja frétt á sér flettistöflublað.		
7. Þeir fréttamenn sem hafa lokið máli sínu mega vera áfram inni í herberginu og hlusta á hina fréttamennina flytja sínar fréttir, en mega þó ekki koma með athugasemdir.		
8. Þegar allir fréttamennirnir hafa lokið sínu máli þá skal lóðsarin hengja upp öll flettistöflublöðin svo allir sjái.	15	
9. Næst skal lóðsarin biðja alla þátttakendur að bera saman flettistöflublöðin og ræða hvað þeir hafa lært.		
10. Þegar þessum hluta er lokið, skal hefja uppgjörðsumræður.	23	

Efni til dreifingar (frh.)


Upphafsstaða




1. lota



2. lota



3. lota



Upplýsingamiðlun og frétt næmi

Byggt á Education Pack: All Different – All Equal

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Við ætlum að kafa ofan í frásagnir fjölmiðla, hvernig við skiljum fréttir og hvort það skipti máli hvernig við segjum frá atburðum.
Hópstærð	10
Tími (til viðmiðunar)	90 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að öðlast reynslu í því að greina frá atburðum • Að þróa með sér skilning á því hvernig fréttir geta verið hlutdrægar • Að gera sér grein fyrir hvernig okkar eigin upplifun og afstaða getur verið bjöguð
Efniviður og aðstaða	• Flettistöflupappír og tússpennar • Límband
Undirbúningur	• Safnaðu saman dæmum um hlutdrægar fréttir eða sögur til þess að nefna í uppgjörumræðunni

Leiðbeiningar

Hægt er að breyta leiknum á ýmsa vegu:

Stækka hópinn:

Þá er best að bæta þátttakendum við leikhópinn frekar en fréttamannahópinn (sjá skref eitt í leiðbeiningunum hér á eftir).

Athuga hlutdrægni:

Skiptið fréttamönnunum eftir tegundum af fjölmiðlum (t.d. hægri sinnaður miðill, vinstri sinnaður miðill, slúðurblað, æsifréttablað og fréttaveita sem er á vegum eða nátengd stjórnmálaflokki og athuga hvort að frásagnir fréttamanna breytast eftir því á hvers konar fréttamiðli þeir starfa.

Bæta við leikmunum: Útbúið stórt „sjónvarp“ og „hljóðnema“ fyrir fréttamennina.

Leiðbeiningar (frh.)

	Tími í mínútum (u.þ.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
1. Lóðsarinnskiptir hópnum í tvo jafnstóra hópa, leikara og fréttamenn.	2	
2. Næst skal lóðsarinnskiptur leikarahópinum að búa til 5 mínútna leikrit sem byggist á einhverjum atburði. Þetta getur verið raunverulegur eða uppspunninn atburður sem fjallar um átök á milli tveggja hópa sem hafa ólíkan lífstíl eða menningarlegan bakgrunn. Hinn hópurinn eru fréttamenn og eiga að bíða á meðan verið er að undirbúa leikritið.	15	
3. Þegar hópurinn er tilbúinn skal lóðsarinnskiptur fyrsta hópinum að flytja leikritið fyrir fréttamennina.	10	
4. Um leið og leikritið er búið skal lóðsarinnskiptur fréttamennina um að yfirgefa herbergið og vinna í einrúmi frétt út frá leikritinu. Þeir fá fimm mínútur til að hugsa um fréttina og undirbúa sig. Fréttamennirnir mega ekki taka niður minnisþunkta á meðan á leikritinu stendur eða þegar þeir eru að vinna í einrúmi.	5	Hér er mikilvægt að undirstrika að fréttamennirnir eiga að vinna í einrúmi og mega ekki tala sín á milli!
5. Næst skal lóðsarinnskiptur einum fréttamanni í einu inn í herbergið til að greina frá atburðinum. Hver fréttamaður fær 3 mínútur til að flytja sína frétt.	20	
6. Á meðan fréttin er í gangi skal lóðsarinnskiptur taka niður helstu punkta/útbúa skýrslu um frétt fréttamannsins á flettistöflublaðið. Þátttakendur eiga ekki að sjá flettistöflublaðið. Endurtaka skal þetta fyrir hverja frétt á sér flettistöflublaðið.		
7. Þeir fréttamenn sem hafa lokið máli sínu mega vera áfram inni í herberginu og hlusta á hina fréttamennina flytja sínar fréttir, en mega þó ekki koma með athugasemdir.		
8. Þegar allir fréttamennirnir hafa lokið sínu máli þá skal lóðsarinnskiptur hengja upp öll flettistöflublaðin svo öll sjái.		
9. Næst skal lóðsarinnskiptur biðja alla þátttakendur að bera saman flettistöflublaðin og ræða hvað þeir hafa lært.	15	
10. Þegar þessum hluta er lokið, skal hefja uppgjörsumræður.	25	

Uppgörsumræða

Lóðsarinns byrjar á að spyrja fréttamennina:

Hvað fannst ykkur auðveldast að muna og greina frá?
Af hverju?

Hvað var erfiðast að muna og greina frá?
Af hverju?

Ef þið munduð ekki alveg atburðina sem þið voruð
að skrifa frétt um, hvernig brugðust þið við því?

Fannst ykkur þið vera að lýsa atburðum hlutlaust?

Næst skal spyrja leikhópin:

Var einhverjum mikilvægum punkti sleppt í frásögnunum?

Var frásögn fréttamannanna nákvæm?

Var frásögn fréttamannanna hlutlaus?

Var frásögn fréttamanna sögð út frá einhverju ákveðnu sjónarhorni?
Ef já, þá hverju?

Var frásögn einhverra fréttamannanna mjög ólík þinni upplifun?

Að lokum skal spyrja allan hópinn:

Hvers konar frásögnum eigum við von á þegar við lesum, heyrum eða horfum á fréttir?

Eru frásagnir af atburðum hlutlausar og/eða eingöngu lýsing á einverju sem gerðist,
eða er einnig komið að framfæri athugasemdum, gagnrýni og/eða skoðunum í fréttaplutningi?

Hugsum hvernig fréttamenn segja frá atburðum.

Er alltaf hægt að skilja staðreyndir frá greiningum eða athugasemdum fréttamanna?

Hversu áreiðanlegar eru fréttir?

Skiptir máli í þessu samhengi um hvaða eða hvers konar fjölmiðil er að ræða?

Hafa eigendur fjölmiðlafyrirtækja, tengsl þeirra við stjórnmalaflokka, kaupendur auglýsinga o.s.frv.
áhrif á hvernig er sagt frá atburðum í fréttum? Hafa þeir áhrif á hvernig við skiljum fréttir?

Þátttökuprepin

Byggt á: *Compass: Human Rights Education with Young People*

Stutt lýsing fyrir þátttakendur	Hvaða þýðingu hefur þátttaka ungs fólks? Hér munum við finna sameiginlegan skilning á hugtakinu „þátttaka ungs fólks“ og tengja það við þátttökuprepin og okkar hversdagslega líf.
Hópstærð	12-30
Tími (til viðmiðunar)	120 mínútur
Markmið: Hvað munu þátttakendur læra?	• Að velta fyrir sér leiðum sem tryggja þátttöku ungs fólks og hvað auðveldar eða hindrar þátttöku þeirra • Að þróa með sér færni í að vinna með öðrum, skipuleggja og grípa til aðgerða í samvinnu við aðra • Að rækta ábyrgðartilfinningu fyrir eigin gjörðum
Efniviður og aðstaða	• Ljósrit af þátttökustiganum, eitt fyrir hvern hóp • Veggur • Ein stór pappírsörk (A3) eða flettistöflupappír fyrir hvern hóp • “Post-it” miða eða litla miða til að hengja upp á vegg
Undirbúningur	• Prenta út átta eintök af þátttökustiganum (undir „Efni til dreifingar“ hér á eftir) • Búa til sex merki: Hindrandi, stjórn, engin stjórn, hvetjandi, stjórn, mikil stjórn

Leiðbeiningar

Þessi leikur er tvískiptur

Í fyrri hluta hans (45 mínútur) fer fram hlutverkaleikur þar sem þátttakendur koma sér saman um sameiginlegan skilning á hugtakinu „þátttaka ungs fólks“.

Í seinni hlutanum (75 mínútur) fara fram umræður um þátttöku þátttakenda í sínu hversdagslega lífi sem verða tengdar við þáttökustigann.

	Tími í mínútum (u.p.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
Hluti 1		
1. Lóðsarinn byrjar á stuttum almennum umræðum um þann skilning sem þátttakendur leggja í hugtakið „þátttaka ungs fólks“.	5	
2. Lóðsarinn réttir þátttakendum skýringarmynd af þáttökustiganum og útskýrir að þetta er ein fyrirmynd sem hægt er að nýta þegar ræða á þátttöku ungs fólks. Ræðið stuttlega mismunandi þrep.	5	Hér er gott að hafa í huga að það er ekki alltaf best að vera efst í stiganum. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni! En það er mikilvægt að undirstrika að síðustu þrjú þrep stigans flokkast ekki sem raunveruleg þátttaka ungs fólks (sjá stiga á mynd hér á eftir).
3. Lóðsarinn skiptir hópnum í átta minni hópa. Lóðsarinn úthlutar einu þrepi til hvers hóps og biður þá um að undirbúa 2-3ja mínútna hlutverkaleik til að lýsa þrepinu sem þeim hefur verið úthlutað.	15	
4. Þegar hóparnir eru tilbúnir, skal lóðsarinn biðja þá um að sýna sinn hlutverkaleik til skiptis.	20	Gerðu ráð fyrir smá tíma á milli hlutverkaleika fyrir þátttakendur til að spyrja spurninga eða koma með athugasemdir.
Hluti 2		
5. Lóðsarinn byrjar á að biðja þátttakendur um að vinna sjálfstætt í 5 mínútur og finna eins mörg dæmi og þeim er unnt úr þeirra lífi sem tengjast hvert um sig ólíkum þrepum stigans, og helst að þau nái að tengja við öll átta þrepin. Lóðsarinn segir þeim að hugsa til alls þess sem þeir gera í sínu daglega lífi: Heima, í skólanum, í vinnunni, með fjölskyldunni og vinum.	5	Hér er mikilvægt að hvetja þátttakendur til að finna eins mörg dæmi og þeir geta!

Leiðbeiningar (frh.)

	Tími í mínútum (u.p.b)	Nokkur ráð til lóðsara leiksins
6. Næst skal lóðsarinn biðja þátttakendur um að hópa sig saman í litla hópa (4-5 einstaklingar) til að deila sínum dæmum. Á meðan þátttakendur eru að ræðasaman skal lóðsarinn biðja þá að koma með hugmyndir að hindrunum sem koma í veg fyrir að þeir færast upp þátttökustigann og hvetjandi þætti sem gera þeim kleift að færast upp stigann. Þátttakendur ættu að skrifa niður hverja hugmynd á aðskilda „post-it“ miða.	20	<i>Vertu viðbúin að aðstoða hópana ef þeir eiga í erfiðleikum með að finna hindranir eða virkjandi þætti.</i>
7. Á meðan hóparnir eru að ræða saman innbyrðis, skal lóðsarinn hengja miðana með fyrirsögnunum „hindrandi þættir“ og „hvetjandi þættir“ upp á vegg með um það bil tveggja metra millibili. Eftir það skal lóðsarinn biðja hópana um að koma aftur saman og hengja sína miða upp á vegg undir viðeigandi lista.	3	
8. Lóðsarinn skal fara yfir listana tvo, hindrandi og hvetjandi þættir, með þátttakendum. Næst skal lóðsarinn biðja um skýringar á miðum þare sem er óljóst hvaða þrepi þeir tilheyra og mögulega þarf lóðsarinn að reyna að leysa ágreining milli þátttakenda um staðsetningu miðanna.	7	
9. Þegar þessu er lokið hengir lóðsarinn upp miðana tvo með fyrirsögnunum „stjórn“ og „engin stjórn“ upp á vegg hjá fyrstu miðunum (hindrandi og hvetjandi). Nú skal lóðsarinn biðja hópana um að flokka „post-it“ miðana eftir því hvort miðarnir snúist um hluti sem þeir hafa (eða gætu haft) stjórn á, eða hvort miðarnir vísi til utanaðkomandi þátta sem þau hafa enga stjórn á eða engin áhrif á.	20	
10. Að lokum skal fara yfir staðsetningu miðanna í þessum fjórum flokkum. Lóðsarinn skal síðan fara beint yfir í uppgjörsumræður.	20	

Uppgjörsumræða

Lóðsarininn skal biðja þátttakendur að virða fyrir sér miðana á veggnum og velta fyrir sér vinnunni á bakvið miðana.

Hjálpaði leikurinn ykkur að hugsa um þær leiðir sem þið notið til að taka þátt?

Er þátttaka ykkar ólík eftir aðstæðum?

Hvað kom ykkur mest á óvart?

Teljið þið að þátttaka ungs fólks sé almennt mikil eða lítil í samfélaginu?

Hverjar eru ástæðurnar?

Skiptir virk þátttaka ungs fólks máli?

Ræðst þátttaka af persónuleika fólks eða eru það aðrir utanaðkomandi þættir sem hafa áhrif?

Hvernig líður fólki þegar það getur raunverulega tekið þátt; eða með öðrum orðum þegar þátttaka þess er ekki bara táknræn? (sýndarsamráð)

Mynduð þið vilja taka þátt á hærra þrepi en þið gerið um þessar mundir?

Ef svo er, á hvaða sviðum?

Hvers vegna?

Fáið þið alltaf að taka þátt í ákvarðanatöku sem hefur áhrif á líf ykkar?

Efni til dreifingar: Þátttökustiginn

Þátttaka:

Þrep 8

Þrep 7

Þrep 6

Þrep 5

Þrep 4

Engin þátttaka:

Þrep 3

Þrep 2

Þrep 1

Þrep 8

Frumkvæði ungs fólks og sameiginleg ákvarðanataka

Þrep 7

Frumkvæði og framkvæmt af ungu fólki

Þrep 6

Frumkvæði fullorðinna og ákvarðanataka

Þrep 5

Ráðgefandi og upplýst þátttaka

Þrep 4

Úthlutuð en upplýst þátttaka

Þrep 3

Sýndarsamráð með ungu fólki

Þrep 2

Ungt fólk sem skraut

Þrep 1

Ungu fólki stjórnað

Árið 1992 próaði Robert Hart fyrirmyndina fyrir "Children's participation from tokenism to citizenship" (UNICEF Innocenti Research Centre, Florence)

Heimildir

- Cottam, Martha L., Elena Mastors, Thomas Preston og Beth Dietz. 2016. Introduction to political psychology. 3. útg. Routledge/Taylor og Francis group.
- Christiano, Thomas. 2015. „Democracy“. Í Issues in political theory, ritstj. Catriona McKinnon, 78-98. Bandaríkin: Oxford University Press.
- Dahl, Robert and Ian Shapiro. 2015. On democracy. 2. útg. Yale University Press.
- Dickowick, J. Tyler og Jonathan Eastwood. 2016. Compative politics: Integrating theories, methods, and cases. 2.útg. New York: Oxford University Press
- Eiríkur Búi Halldórsson og Eva Heiða Önnudóttir. 2019. „Kosningapátttaka ungs fólks á Íslandi, kynslóðabil, áhugi á stjórnmálum og flokkshollusta“. Stjórnmál og stjórnsýsla 15 (2). <https://doi.org/https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.2.5>.
- Gunnar Helgi Kristinsson. 2007. Íslenska stjórnkerfið. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Hague, Rod, Martin Harrop og John McCormick. 2016. Comparative government and politics - An introduction. Bretland: Palgrave.
- Ísland.is. „Undirskriftarlistar – skrifa á lista“. <https://island.is/undirskriftalistar-skrifa-a-lista>
- Ísland.is. „Undirskriftarlistar – stofna nýjan lista“. <https://island.is/undirskriftalistar-stofna-nyjan-lista>
- Ný stjórnarskrá. <https://nystjornarskra.is/>
- Powell, G., Jr, Russel J. Dalton og Kaare W. Strøm. 2015. Comparative politics today. 11. útg. England: Pearson.
- Teorell, Jan. 2006. „Political participation and theories of democracy: A research inventory and agenda“. European Journal of Political Research 45: 787-810.
- Þorsteinn Magnússon 2011. „Almenn merking orðsins þingræði.“ Í Þingræði á Íslandi - samtíð og saga, ritstj. Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Skúli Kjartansson og Þorsteinn Magnússon, 13–36. Reykjavík: Forlagið.

